



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. maí 2005 - 129. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Misrétti í samræmdum prófum

Inga Rósa Þórðardóttir segir að nemendur njóti hvorki sannmælis né jafnréttis við núverandi fyrirkomulag samræmdu prófanna. Hæfileikum þeirra sé gert mishátt undir höfði og getan til að læra á bók sé hærra metin en getan til að vinna með höndunum eða samskipta-hæfileikar.



SKOÐUN 16

Í nógu að snúast

Það er nóg að gera hjá Selmu Björnsdóttur og félögum hennar í Eurovision-hópnum enda aðeins tveir dagar í undankeppnina.



UNGA FÓLKID 28


Valur vængjum þöndum

Nýliðar Vals byrjuðu með miklum látum í Landsbankadeildinni í gær þegar þeir lögðu Grindavík, 3-1, á Hlíðarenda.



ÍÞRÓTTIR 20

VEÐRIÐ Í DAG




KALDUR DAGUR Einkum á Norður- og Austurlandi þar sem búast má við stöku eljum. Léttskýjað um sunnan- og vestanvert landið. Hiti 0-8 stig, mildast suðvestan til.

VEÐUR 4

Meðalrestur á tölublað

25-49 ára



*Skv. fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2005.



GRUNAÐUR UM VERKNAÐINN Héraðsdómur Reykjaness féllst á beiðni lögreglunnar í Kópavogi um tveggja mánaða gæsluvarðhald yfir manninum sem er talinn hafa stungið mann til bana á sunnudagskvöldið.

Varð einum að bana og særði annan

33 ára maður kom óboðinn til veislu í Kópavogi. Hann vildi ekki fara og greip til hnífs. Stakk einn til ólífis og særði annan. Ódæðismaðurinn var handtekinn og er nú í gæsluvarðhaldi.

LÖGREGLUMÁL Maður, sem grunaður er um að hafa banað einum og sært annan í Kópavogi í fyrrakvöld, hefur verið úrskurðaður í tveggja mánaða gæsluvarðhald að beiðni lögreglunnar í Kópavogi. Hann hafði ekki jatað á sig verknaðinn í gærkvöld. Lögregla segir málsatvik liggja að mestu leyti ljós fyrir. Hnífurinn sem ódæðismaðurinn notaði er fundinn.

Að sögn vitna kom maðurinn óboðinn í íbúð að Hlíðarhalla í Kópavogi í fyrrakvöld en þar var matarboð húsráðanda og fjölskyldu hans. Ódæðismaðurinn var ekki velkominn í veisluna og þegar hann var boðinn um að fara

brást hann illur við. Hann dró upp hníf og lagði til þeirra sem reyndu að koma honum út. Atökunum lauk ekki fyrr en maðurinn hafði stungið einn gesta nokkrum hnífstungum í brjóst sem leiddu hann til dauða. Annar gestur særðist á læri, en þau sár reyndust ekki alvarleg.

Atökin voru hörð og bárust út á stigagang fjölbýlishússins. Veislu-gestir, og aðrir íbúar hússins, voru mjög skelfdir og hefur Fréttablaðið heimildir fyrir að dóttir þess látna hafi orðið vitni að dauða hans. Húsráðandinn var sleginn og gat ekki tjáð sig um atburði þegar eftir því var leitað. Ekki er

vitað til þess að lögregla hafi boðið fólki áfallahjálp.

Maðurinn sem var úrskurðaður í gæsluvarðhald var handtekinn strax eftir árásina auk tveggja annarra sem voru fljótlega látnir lausir. Árásarmaðurinn er 33 ára gamall frá Víetnam. Hann hefur ekki áður komið við sögu lögreglu vegna ofbeldisglæpa eða annarra brota. Sá látni er einnig ættaður frá Víetnam, hann var 29 ára gamall. Báðir hafa verið búsettir hér á landi í nokkurn tíma. Maðurinn sem særðist gekkst undir aðgerð sem gekk vel.

- sjá nánar bls. 4

- aðe

Keflavík:

Nauðgun á salerni

LÖGREGLA Kona á þrítugsaldri kærði í gærmorgun nauðgun sem hún sagði hafa átt sér stað inni á salerni á skemmtistað í Keflavík. Lögreglu barst kærán um klukkan hálf sex um morguninn og fór hún þegar á skemmtistaðinn þar sem maðurinn var handtekinn.

Maðurinn var í gærkvöld enn í haldi lögreglunnar í Keflavík sem fer með rannsókn málsins. - óká

Sprengjutilræði í Írak:

Níu hermenn féllu

BAGDAD, AP Níu hermenn létust og fimm særðust þegar tvær bíl-sprengjur sprungu með nokkurra mínútna millibili við götumarkað í suðurhluta Bagdad í gær. Margir almennir borgarar særðust.

Lítill hersveit mætti á svæðið eftir að fyrri sprengjan sprakk og nokkrum mínútum síðar sprakk önnur sprengja. Henni var beint að hersveitinni með fyrrgreindum afleiðingum. ■

Söluferli Símans:

Fresturinn rennur út

VIÐSKIPTI Fjárfestar þurfa að skila inn óbindandi tilboðum í Símann til ráðgjafafyrirtækisins Morgan Stanley í London fyrir klukkan þrjú í dag að íslenskum tíma.

Rafræn staðfesting þarf að berast fyrir þann tíma en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er nóg að pósthleggjá sjálf tilboðið í dag. Í kjölfarið mun einkavæðingarnefnd í samvinnu við Morgan Stanley yfirfara tilboðin og ákveða hverjir uppfylli skilyrði til að skila inn bindandi tilboði á seinna stigi útboðsins. Verður það að öllum líkindum ljóst í byrjun júní. - bg

Rússneskur dómstóll:

Khodorkovskí sakfelldur

MOSKVA, AP Rússneskur dómstóll fann auðkýfinginn Mikhaíl Khodorkovskí sekan um fjóra af sjö ákæruliðum en frekari dómsuppkvaðningu var frestað þar til í dag. Verjendur Khodorkovskí og stuðningsmenn segja að þeir hafi heyrt nóg til að vera fullvissir um að hinir úrskurðirnir falli á sama veg.

Khodorkovskí hefur verið sakfelldur fyrir skattsvik og samsæri. Saksóknari krefst þess að hann verði dæmdur til tíu ára

fangavistar. Verjendur hans segja að saksóknarar hafi ekki getað fært sönnur á nokkurn ákæruliðanna en það hafi ekkert að segja við dómsuppkvaðninguna. Margir telja réttarhöldin vera pólitískar ofsóknir Vladimirs Pútín Rússlandsforseta sem hafi þótt Khodorkovskí færa sig of langt upp á skaftið.

Hundruð stuðningsmanna og andstæðinga Khodorkovskís söfnuðust fyrir utan dómshúsið á meðan dómari las upp úrskurð



MIKHAÍL KHODORKOVSKÍ Hlyddi á dómsuppkvaðninguna úr jarnbúri í réttarsalnum. Hann á yfir höfði sér tíu ára fangelsi verði hann fundinn sekur í öllum ákæruliðum.

sinn og kom til átaka milli sumra þeirra og lögreglu. Rússnesk dagblöð segja að málið muni hafa langvarandi áhrif á þróun rússnesks réttarkerfis. ■

IG veidi vörur

Stanga sett tilbúin í veidi ferðina

IG veidi vörur í næstu sportvöruverslun



SPURNING DAGSINS

Georg, er þetta stöðulækkun?

„Nei, þetta er stöðuhækkun.“

Georg Lársson er forstjóri Landhelgisgæslunnar sem flutti á dögunum stjórnstöð sína úr 110 fermetra þakhýsi niður í 60 fermetra kjallara á meðan ný álma er í smíðum.

Þrítug kona í Neskaupstað:

Féll sjö metra fram af svölum

SLYS Kona á þrítugsaldri slasaðist mikið þegar hún féll sjö metra niður á steypentan kant og stétt fram af svölum á þriðju hæð fjölbýlishúss í Neskaupstað um tvöleyticíð aðfaranótt mánudags. Hún fór í aðgerð á Fjórðungs-sjúkrahúsinu í Neskaupstað og í sjúkraflog til Reykjavíkur, en er úr lífshættu.

Að sögn lögreglu virtist sem konan hefði verið læst úti og ætlað að fara á milli svála hússins úr íbúð sem stóð tóm og ólæst, inn í sína eigin íbúð. Taldi lögregla að miðað við aðstæður væri mesta mildi að konan hefði lifað af fallið, en Jón H. H. Sen, yfirlæknir á

Fjórðungs-sjúkrahúsinu, segir all- ar líkur á að konan nái sér að fullu. „Stúlkan var með brjóst- holsáverka sem gerð var aðgerð á hér í [fyrri]nótt og svo beinbrot, en öðru leyti er kraftaverk hvað hún slapp vel. Þarna var ekkert sem dró úr fallinu,“ sagði hann, en konan var svo flutt með sjúkraflogi á Landspítala – háskóla- sjúkrahús til sneiðmyndaðtöku og frekari rannsóknar. „Þegar áverk- i er svona mikill þá geta verið innri skaðar sem ekki er hægt að greina nema með sneiðmyndaðtæki,“ sagði Jón, en búist er við að konan fari af gjörgæsludeild á almenna deild í dag.

- óká



BLOKK Í NESKAUPSTAÐ Svalmar sem konan féll fram af eru á þriðju hæð og um sjö metra fall niður á steinsteypentan kant og stétt. Mildri þykir að konan komst lífs af og hún nær sér trúlega að fullu.

Rangárvallafrétt:

Vélsleðamaður slasaðist

SLYSFARIR Þyrla landhelgisgæslunnar sótti vélsleðamann með opið beinbrot á fæti inn að Hrauntindum í Rangárvallafrétt um miðjan dag í gær og flutti á slysideild Landspítalans í Fossvogi. Einnig voru kallaðar til björgunarsveitir frá Hellu og Hvolsvelli.

Fyrsta hjálparbeiðni vegna slyssins barst um klukkan eitt, en beiðni um aðstoð þyrlunnar barst klukkan 14.16. Þyrlan var lent með manninn í Reykjavík klukkan 16.19. Að sögn lögreglu á Hvolsvelli hafði maðurinn ekið sleða sínum fram af snjóhengju og fótbrotnað við það.

- óká

Mannrán í Afganistan:

Ítalskri konu rænt í Kabúl

KABÚL, AP Vopnaðir menn rændu ítalskri konu í miðborg Kabúl í gær. Konan starfar fyrir bandarísku hjálparamtökin CARE í borginni. Sjónarvottar segja fjóra menn hafa neytt hana inn í hvíta Toyota-bifreið snemma í gærmorgun.

Afgönsk yfirvöld töldu að konan væri kanadísk en yfirmaður hennar og ítalskur embættismaður í Afganistan staðfestu að hún er ítalsk. Yfirmaður hjálparamtakanna sem konan starfar hjá vildi ekki gefa upp hvað hún heitir. Ofbeldismenn í Kabúl hafa haft í hótunum við útlendinga í Kabúl undanfarið og nýlega lést starfsmaður Sameinuðu þjóðanna í sprengjutræði á kaffihúsi.

LÖGREGLUMÁL

HRADAKTUR VIÐ HVOLSVÖLL 25 voru teknir fyrir af hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli frá því á föstudag og fram á mánudag. Flestir voru á milli 120 og 130 kílómetra hraða.

Þrekaður og sjóblautur við brennandi bátinn

Skipstjóri mótorbátsins Hrundar BA-87 frá Patreksfirði mátti hafa sig allan við að koma sér frá borði eftir að eldur kom upp í bátinum. Hann komst í björgunarbát og var bjargað þaðan í annan bát, en reykurinn frá brennandi bátinum sást víða að.

SLYSFARIR Mannbjörg varð þegar mótorbáturinn Hrund BA-87 brann á Patreksfjarðarflóa fyrir klukkan fimm aðfaranótt mánudags. Skipstjóri bátsins komst við illan leik í björgunarbát þaðan sem honum var bjargað. Hann féll illa þegar hann var í flýti að koma sér frá borði og lenti hálfur í sjónum við að fara í björgunarbát.

Júlíus Sigurjónsson, skipstjóri á Ljúfi BA-302, sagðist hafa séð mikinn svartan reyk stíga til himins þar sem hann var við veiðar um 30 mílur norðvestur af Patreksfirði. „Ég hafði grun um að þetta væri Hrundin, ég hafði séð hana sigla hjá þegar ég vaknaði um nóttina. Það fyrsta sem ég gerði var að hringja í 112 sem gaf mér samband við Gæsluna,“ sagði hann en samkvæmt upplýsingum frá stjórnstöð Landhelgisgæslunnar var þetta fimm mínútur fyrir fimm um morguninn. „Þegar þetta var hafði ekkert neyðarkall borist frá bátinum en þeir sögðu mér að hann væri nýdottinn út af sjálfvirkri skyldunni. Ég setti



HRUND BA-87 Báturinn sem var alelda á skammri stund á Patreksfjarðarflóa fyrir klukkan fimm í gærmorgun.




JÚLÍUS SIGURJÓNSSON Júlíus, sem sagður er rammur að afli, kom að Hrund BA alelda og þurfti að beita öllum sínum kröftum til að bjarga sjóblautum og þrekaðum skipstjóra mótorbátsins um borð til sín.

strax á fulla ferð og var kominn að bátinum svona korteri síðar. Þetta voru langar fimmtán mínútur að mér fannst, en fyrst um sinn vissi ég ekki hvort það hafði orðið mannskaði. Á leiðinni sá ég neyðarblys og létti mjög að það skyldi vera lífsmark.“ Þegar Júlíus bar að var skipstjóri Hrundar kominn í björgunarbát, en báturinn sjálfur logaði stafna á milli. „Mér gekk sémilega að koma honum um borð, var enda mjög stressaður, adrenalínið flæddi og ég fékk þann kraft sem þurfti,“ sagði Júlíus, en skipbrotismaðurinn var mjög þungur, enda blautur og í kraftgalla. „Hann hefur lent í sjónum við að komast í bátinn og

var mjög dasaður og þreklítill. Hann hafði slasast á höfði og líklega víðar.“ Júlíus segist hafa gefist upp við að taka björgunarbátinn um borð og kallað til aðstoðar bátinn Krúna BA-75 við það. Hann tók stímið í land til að koma manninum sem fyrst á sjúkrahús. „Ég hafði grun um að hann hefði andað að sér eitruðum reyknum,“ sagði hann en heimferðin tók líklega einn og hálfan tíma.

Lögreglan á Patreksfirði rannsakar bátsbrunnann, en slík rannsókn fer alltaf fram þegar bátur ferst, auk þess sem sjópróf eru haldin. Lögregla gerði ráð fyrir að skýrslutaka færi fram í gærkvöld og í dag.

-hms/óká



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Boeing 747 þota frá Air Atlanta lenti í Kína klukkan 14.00 að staðartíma með fjölmennan íslenskan hóp.

Forsetinn kominn til Kína:

Hyggst ræða mannréttindi

HEIMSÓKN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kom til Kína í gær þar sem hann mun dvelja í 5 daga. Zhang Yesui, aðstoðarutan- ríkisráðherra Kína, tók á móti Ólafi og fylgdarliði á flugvelli- um í gærmorgun. Eiður Guðna- son, sendiherra Íslands í Kína, og Eygló Helga Haraldsdóttir sendi- herrafrú héldu móttökuboð á Hilton-hótelinu í Peking.

Í dag fundar Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra með ráðherra umhverfismála í Kína. Ráðherrarnir munu ræða forvarnir við jarðskjálftum og önnur sameiginleg umhverfismál. Þá ætlar Ólafur að ræða mannréttindamál við kínversk ráðamenn.

- mh

LÖGREGLUMÁL

VERKFERUM STOLIÐ Fyrir hádegi í gær barst lögreglunni í Keflavík tilkynning um að brotist hefði verið inn í verkfærakerru í nágrenni við Djúfavatn. Eigendur kerrunnar telja að úr henni hafi verið stolið verðmætum fyrir um 1,5 milljónir króna, en meðal þess sem stolið var eru tvær litlar rafstöðvar og verkfæri sem notuð eru við að girða land. Ekki er vit- að hver var að verki, en málið er í rannsókn.

Ofbeldisverk á Seltjarnarnesi:

Smástrákur skilinn eftir í ruslatunnu

LÖGREGLA Tveir fjórtán piltar lok- uðu sjö ára dreng ofan í rusla- tunnu, skorðuðu undir svölum og skildu eftir á Seltjarnarnesi síðasta þriðjudagskvöld. Stúlka heyrði bank í tunnunni 30 til 40 mínútur síðar og bjargaði drengnum.

Móðir drengsins gaf skýrslu hjá lögreglu á þriðjudag og aftur á miðvikudag. Hún segir strákinn bera sig vel og hafa trú á að lög- regla bjargi málum, en sjálf hefur hún þungar áhyggjur. Við eftir- grennslan kom í ljós að piltarnir höfðu áður lokað drenginn inni með sama hætti.

Drengirnir sem að verki voru eru bræður sem átt hafa erfitt og hafa mál þeirra ítrekað komið inn á borð bæði skóla- og félagsmálayfirvalda á Seltjarnar- nesi. Í kjölfar árásarinnar á drenginn var annar sendur í neyðarvistun á meðferðar- heimilið að Stuðlum.



ÞRISUNDIN VIÐ IÐUNNI Drengur í fyrsta bekk mátti í rúman hálf tíma dúsa ofan í rusla- tunnu skorðaður undir svölum við fataverslunina Iðunni á Seltjarnarnesi í síðustu viku. Hann gat ekki opnað lok tunnunnar nema rétt til að koma út fingrunum.

Snorri Aðalsteinsson, félags- málastjóri á Seltjarnarnesi, segist lítið annað geta sagt en að málið sé á borð barnaverndar- yfirvalda. Hann segir erfitt um að spá hvort hægt hefði verið að

koma í veg fyrir atvikið, eða hvort fyrirbyggja að það endur- taki sig. „Til eru ýmis úrræði sem gripa má til, en öll meðferð- arúrræði eru tímabundin,“ segir hann.

- óká

Stofnun og rekstur smáfyritækja

Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í
Stofnun og rekstri smáfyritækja
hefst 21. maí nk.

Nánari upplýsingar og skráning
hjá **Iðntæknistofnun** í **síma 570 7100** og
á vefsíðu **www.iti.is**

NÁM
SKEIÐ

Iðntæknistofnun

MEIRI

HRAÐI OG NIÐURHAL

SAMA VERÐ.

SVONA GERUM VIÐ ÞAÐ HJÁ HIVE.

Hive Lite

Práðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

3.990

Á MÁNUÐI?*

*Mv. 12 mánaða samning.

Enn og aftur setur Hive ný viðmið með því að tvöfalda hraða og erlent niðurhal í Hive Lite án þess að hækka verðið.

Nú eru allar þjónustuleiðir Hive tilbúnar fyrir sjónvarp í gegnum ADSL. Kynntu þér nýjar þjónustuleiðir á hive.is eða í verslun okkar að Grensásvegi 16.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.05.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	66,61	66,93
Sterlingspund GBP	123,59	124,19
Evra EUR	84,10	84,58
Dönsk króna DKK	11,30	11,37
Norsk króna NOK	10,38	10,44
Sænsk króna SEK	9,14	9,20
Japanskt jen JPY	0,62	0,62
SDR	XDR	99,43 100,03

Gengisvísitala krónunnar

116,81 +0,39%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skýrsla öldungadeildar Bandaríkjaþings:

Írakar sagðir hafa mútað Rússum

WASHINGTON. AP Menn úr ríkisstjórn Saddams Hussein segja að þeir hafi látið milljónir dollara renna til rússneskra stjórnmalámma í skiptum fyrir stuðning þeirra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þetta kemur fram í skýrslu öldungadeildar Bandaríkjaþings sem rannsakar misnotkun Íraka á ívilnunum Sameinuðu þjóðanna. Írökum voru veittar ívilnanir til að selja olíu á sínum tíma og fyrir hagnaðinn máttu þeir kaupa mat, lyf og aðrar nauðsynjavörur.

Fyrirverandi varforseti Saddams Hussein sagði þeim sem unnu skýrsluna, að hagnaðinum hefði að

hluta til verið varið til að umbuna stuðningsmönnum Hussein, þar á meðal rússneskum stjórnmalámmum. Meðal þeirra sem bendi aðir eru við málið eru Alexander Voloshin, fyrirverandi starfsmannastjóri Pútíns, og öfga-þjóðernissinninn Vladimir Shirinovskí. Sá síðarnefndi harðneitar sök og rússneska utanríkisráðuneytið vill ekki tjá sig um málið að sinni.

Fyrirverandi innanríkisráðherra Frakklands, Charles Pasqua, og breska stjórnmalámmanninum George Galloway hefur báðum verið brigslað um að þiggja fé af Saddam Hussein en því hafna þeir báðir.



OLÍUDÆLUR Írökum voru veittar ívilnanir til að selja olíu en hagnaðinn máttu þeir nota til að kaupa mat og lyf.

Ólæti á Flateyri:

Maður barinn með kylfu

LÖGREGLA Lögreglan á Ísafirði lagði hald á hafnaboltakylfu á Flateyri aðfaranótt mánudags, en talið er að henni hafi verið beitt í slagsmálum fyrir utan veitingastað í bænum.

Þar hafði nokkur hópur tekið þátt í slagsmálum sem upp komu, en enn liggja ekki fyrir færur vegna atburðarins. Lögregla sagði manninn sem átti að hafa verið barinn með kylfunni ekki hafa virst mjög meiddan og sjálfan viljað koma sér til síns heima um nóttina, en ólætin hófust um klukkan hálf fjögur.

- óká

Ólæti í Garðabæ:

Veisluhald úr böndum

LÖGREGLA Nokkur ólæti voru í ungu fólki í Garðabæ á föstudags- og laugardagskvöld, að sögn lögreglu í Hafnarfirði.

Fyrri kvöldið voru fjórir piltar, sautján ára til tvisugs, handteknir verulega olvaðir í Garðabæ. Við Lyngmóa og Löngumýri höfðu safnast saman tveir hópar unglunga til að fagna próflokum fjölbrautarskóla. Beita þurfti táragsi til að yfirbuga tvo piltanna.

Dá fór veisluhald úr böndunum hjá unglingsstúlkum í Garðabæ á laugardagskvöldið. Þær höfðu boðið í lítið parti, en kölluðu til lögreglu þegar hópur af krökkum bar að og vildi fá aðgang, en meðal annars var brotin rúða í húsinu.

- óká

Starfað samfelt í 48 ár:

Eden til sölu

SÖGUFRAEG VERSLUN Verslunar- og veitingahúsið Eden í Hveragerði er til sölu. Eden hóf starfsemi sumardaginn fyrsta árið 1957 og hefur því starfað samfelt í 48 ár. Bragi Einarsson hóf starfsemi og er enn í dag eigandi að staðnum.

Bragi segir staðinn alltaf hafa verið vinsælan áfangastað ferðamanna, þrátt fyrir lítið skipulagt markaðsstarf. Þannig virðist staðurinn hafa skipað sér fastan sess í ferð þeirra sem til Hveragerðis koma.

- mh

LÖGREGLUMÁL

ÓSKRÁÐUR UTAN VEGA Á hvítasunnudag greip lögregla mann við akstur utan vega í Sandvík á Reykjanesi á óskráðu torfærubílhjólí. Lögregla segir manninn sæta ákæru hvort tveggja fyrir óskráða hjólíð og fyrir brot á náttúruverndarlögum.

Blóðug og grátandi og sagði pabba sinn látinn

Dóttir manns sem lést af völdum stungusára stóð blóðug og grátandi í stigaganginum og sagði pabba sinn dáinn. Til átaka kom milli veislugesta og manns sem kom óboðinn til veislunnar. Einn lést og annar særðist. Árásarmaðurinn hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Unnið er að rannsókn.

LÖGREGLUMÁL Einn lést og annar slasaðist þegar í brýnu sló milli gesta annars vegar og boðflenu hins vegar í matarboði að Hlíðarhjálla í Kópavogi á sunnudagskvöld. Árásarmaðurinn var æstur þegar hann kom í íbúðina, en enn er ekki ljóst hvað varð til þess að hann greip hníf og banaði einum gestanna.

Húsráðandi var of miður sín til að tjá sig þegar eftir því var leit að, en að sögn eins þeirra sem voru í matarboðinu, lét árásarmaðurinn öllum illum látum þegar hann kom í íbúðina og kundi vitnið enga skýringu á hvað olli þeirri miklu reiði. Húsráðandi og árásarmaðurinn þekktust lítillega. Húsráðandinn vildi lítið með manninn hafa og bað hann með góðu að fara en því sinnti hann ekki. Við það kom til ósátta milli hans og eins gestanna. Átök þeirra bárust fram á stigagang fjölbýlishússins. Þar tók sá óvelkomni fram hníf og veitti gestinum áverka á brjósti sem skömmu síðar drógu hann til dauða. Hann var látinn þegar lögregla og sjúkralið komu að laust fyrir klukkan ellefu í fyrrakvöld. Annar maður, sem reyndi að yfirbuga árásarmanninn, slasaðist í átökunum og var fluttur á sjúkrahús en hann reyndust ekki alvarlega slasaður. Mennirnir þrjú eru allir frá Víetnam en hafa búið hér á landi um hríð.

Aðrir íbúar hússins, sem voru heima, voru slegnir og margir sváfu ekki um nóttina. Einn varð vitni að því að dóttir hans látna



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RANNSÓKN STENDUR YFIR Rannsóknarlögreglumenn voru að störfum fram eftir nóttu í fyrrið og tæknideild lögreglunnar rannsaðótt vettvanginn um miðjan dag í gær. Á litlu myndunum má sjá ummerki eftir átökin á stigagangi fjölbýlishússins.

stóð grátandi og blóðug í stigaganginum og endurtók í sífellu að pabbi sinn væri dáinn. Annar íbúi var hessa á að fólkinu hefði ekki verið veitt áfallahjálpa enda hefði mikil skelfing gripið um sig. Ekki fékkst staðfest hjá lögreglu að fólkinu hefði verið boðin áfallahjálpa.

Hjörtur Sveinsson, sá íbúi sem hvað lengst hefur búið í húsinu,

sagðist aldrei áður hafa orðið var við nokkur vandræði vegna fólksins, sem búið hefur í húsinu lengi. „Fjölskyldan hefur búið hér um tíma og ég veit ekki til þess að nokkur vandræði hafi verið þeirra vegna. Ég kom heim um svipað leyti og lögreglan kom hér að. Þá voru herna um tíu lögreglubílar auk sjúkraliðs og ljóst að mikið hafði gengið á miðað við



blóðsletturarnar sem voru víða um stigaganginn. Fólk var grátandi og óskrandi og óhætt er að segja að hér hafi verið dapurlegt.“

Árásarmaðurinn hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald en tveimur mönnum sem einnig voru handteknir hefur verið sleppt. Rannsókn málsins stendur yfir.

albert@frettabladid.is


VEÐRIÐ Í DAG

VETUR Á NÝ FYRIR NORDAN OG AUSTAN

Enn eitt bakslagið í sumrinu. Hiti rétt yfir frostmarki á Norður- og Austurlandi og víða næturfró. Meira segja gæti eljað allra norðaustast. Æ hvað þetta er mikil synd. **HVAR VERÐUR HLYJAST?** Við og í kringum Reykjavík, ekki spurning. Allt að 7-9 stig.....vá!! **HVENÆR HLYNAR Á NÝ** Hitið í Reykjavík verður skaplegur að deginum en dagurinn í dag er sá kaldasti fyrir norðan og austan í bíll!!!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	15°C skýjað	Paris	14°C léttskýjað	Alicante	24°C hálfskýjað
Oslo	12°C hálfskýjað	Berlín	13°C léttskýjað	Milano	18°C léttskýjað
Stokkhólmur	14°C hálfskýjað	Frankfurt	12°C skýjað/skúr	New York	19°C léttskýjað
Helsinki	11°C léttskýjað	Madrid	18°C léttskýjað	San Francisco	20°C léttskýjað
London	14°C hálfskýjað	Barcelona	16°C skýjað/skúr	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hlitaölur sýna hæstu hitagildi.



VEIÐA OG SLEPPA?

HEFUR ÞAÐ TILGANG? SKILAR ÞAÐ ÁRANGRI?

Ráðstefna á vegum Stangaveiðifélags Reykjavíkur í kvöld kl. 20:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Dagskrá:

Ávarp Bjarna Júlíussonar formanns SVFR Framsöguerindi:

- Guðni Guðbergsson fiskifræðingur hjá Veidimálastofnun
 - Jón Kristjánsson sjálfstætt starfandi fiskifræðingur
 - Orri Vígfússon formaður NASF
 - Ólafur E. Jóhannsson veiðimaður
- Pallborðsumræður með framsögumönnum ásamtumræðum verða framsögumenn auk Péturs Péturssonar leigutaka Vatnsdalsár.

Fundarstjóri: Stefán Jón Hafstein.

Stjórn SVFR vill hvetja alla áhugamenn um stangaveiði til að fjölmenna á fundinn, hlýða á áhugaverð erindi og taka þátt í líflægum pallborðsumræðum.

Stjórn SVFR



MAÍTILBOÐ

Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI



SKIPT_um væntingar



150.000 KRÓNUM FLOTTARI!

Öllum Nissan Almera sem keyptir eru í maí 2005 fylgja spoiler og álfelgur að verðmæti 150.000 kr.

NISSAN ALMERA

Kraftur og mykt einkenna Nissan Almera. Stjórnstöðin styðst við hina einstöku Nissan tækni sem tryggir auðvelda stjórn. Hönnuðir okkar hafa mótað útlit bílsins til að ná fram straumlinulaga lögun og umgjörðin er dregin fram með kröftugum fram- og afturljósunum.

Almera 1,5

- Beinskiptur
- 116 hestöfl
- 5 dyra

Verð frá 1.640.000 kr.

17.223 kr. á mán.*



150.000 KRÓNUM FLOTTARI!

Öllum Nissan Micra sem keyptir eru í maí 2005 fylgja spoiler og álfelgur að verðmæti 150.000 kr.

NISSAN MICRA

Micra er nett, sparneytin, falleg og frábærlega hönnuð. Að auki er hún hlaðin tækninýjungum, algjör draumur í umgengni og miklu stærri að innan en utan – enda rúmbesti billinn í sínum stærðarflokki.

Visia 1,2i

- Beinskiptur
- 80 hestöfl
- 3-5 dyra

Verð frá 1.319.000 kr.

13.881 kr. á mán.*

Aukahlutir á mynd: toppluga

www.nissan.is

Nánari upplýsingar um Nissan bílafloftann hjá Ingvari Helgasoni færðu á www.nissan.is



*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njaróvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960



KJÖRKASSINN

Ætlar þú á leik í Íslandsmóttinu í fótbolta?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	29%
Nei	71%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Nær FH að verja Íslandsmeistaratítilinn í fótbolta?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Öxnadalur í Hörgárbyggð:

Tvær konur létust í hörðum árekstri

BANASLYS Tvær konur létust í árekstri jeppa og félksbils í Öxnadal í Hörgárbyggð um klukkan hálf sex á föstudag. Önnur konan ók félksbílnum og var ein í honum, en hin var farþegi í jeppanum. Ökumaður jeppans var fluttur á slysideild, en er ekki talinn í lífs-hættu.

Slysið átti sér stað um einn kílómetra sunnan við bæinn Syðri-Bægisá í Öxnadal. Loka varð veginum í rúmar þrjár klukkustundir vegna árekstursins, eða til um klukkan níu á föstudagskvöldið. Jeppinn var á leið til Akureyrar, en félksbíllinn á suðurleið. Þá lenti þriðji bíllinn aftan á jeppanum eftir áreksturinn og endaði út fyrir



MYND/GERA A. GUBSTEINSSON

ÁREKSTUR Í ÖXNADAL Í HÖRGÁRBYGGÐ Slysið átti sér stað á beinum vegi sunnan við bæinn Syðri-Bægisá í Öxnadal. Ekki er vitað hvað varð til þess að bílunum laust saman.

veg, en skemmdist ekki mikið og sakaði engan í honum.

Ekki er vitað hvað varð til þess að bílarnir rákust saman, vegurinn

er á þessum stað beinn og greiður og skilyrði til aksturs voru ágæt. Lögreglan á Akureyri fer með rannsókn málsins.

- óká



HALLDÓRA
ÁRNADÓTTIR



EDDA SÓLRÚN
EINARSDÓTTIR

NÖFIN HINNA LÁTNU

Konurnar sem létust eftir bílslysið við Syðri-Bægisá á föstudaginn hétu Halldóra Árnadóttir og Edda Sólrún Einarsdóttir.

Haldóra, sem var farþegi í jeppanum, var 63 ára, til heimilis að Kvista-garði 2 á Akureyri. Hún lætur eftir sig eiginmann og fjóra uppkomna syni. Edda Sólrún var 49 ára, til heimilis að Baldursgötu 10 í Reykjanesbæ. Hún lætur eftir sig tvo uppkomna syni.

NÁM SAMHLIÐA STARFI



Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun

Námið er fyrir fólk sem vill öðlast þekkingu og þjálfun á sviði verkefnastjórnunar og efla leiðtogaþjálfun sína. Þessi námsleið gagnast stjórnendum fyrirtækja, stofnana, félagsamtaka og í daglegu lífi. Námið er fyrir áhugasamt og dugmikið fólk sem hefur vilja til verka og ánægju af fjölbreyttri samstarfi. Námið er tvö misseri og 15 einingar á háskólastigi. Því lýkur með kynningu á raunhæfum hópverkefnum nemenda.

Umsóknarfrestur fyrir næsta vetur er til 1. júní

Umsjónarkennarar:

- Haukur Ingi Jónasson cand. theol., M.Phil. og sálgreininir
- Dr. Helgi Þór Ingason, véla- og iðnaðarverkefnafræðingur
- Tryggvi Sigurbjarnarson ráðgjafarverkefnafræðingur
- Auk þeirra koma fleiri fræðimenn og fagaðilar að kennslunni

- Námstími 25. ágúst 2005 - 15. júní 2006
- Nánari upplýsingar og umsóknir á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
- að vaxa og dafna

Uppreisn í Úsbekistan

Úsbekar virðast ætla að hrinda af stað byltingu líkt og nágrannar þeirra í Kirgisistan, Úkraínu og Georgíu hafa gert. Miklar róstur hafa verið í borginni Andijan í austurhluta landsins undanfarna daga.

FRÉTTASKYRING Mótmælendur hafa farið mikinn í borginni Andijan í austurhluta Úsbekistans undanfarna daga í mótmælum gegn ríkisstjórn Islams Karimov. Meira en 700 manns hafa látist í landinu síðan á föstudag þegar uppreisnarmenn réðust í fangelsi í borginni og frelsuðu þaðan 23 pólitíska fanga. Krafa uppreisnarmanna er skýr; þeir vilja ríkisstjórnina frá. Stjórnarherinn hefur barið niður uppreisnarmenn með miklu offorsi og stefnir í mesta mannfall í slíkum aðgerðum í Asíu síðan Kínaher barði á stúdentum á Torgi hins himneska friðar árið 1989.

Nú þegar eru flóttamenn farnir að streyma frá landinu og sérstaklega reyna margir að flýja til Kirgisistans en þarlend stjórnvöld eru þó treg til að taka við flóttamönnum.

Undanfarnar vikur hefur risið upp hreyfing manna sem mótmæla stjórnarhátum ríkisstjórnar Islams Karimov sem hefur haldið fast um stjórnartamama síðan Sovétríkin liðu undir lok fyrir fjórtán árum. Mótmælendurnir líta gjarnan til nágranna sinna í Kirgisistan sem hröktu forseta sinn, Askar Akajev, frá völdum og þá einnig til Appelsínu- og Rósabyltinganna í Úkraínu og Georgíu. Kabuljon Parpiyev, leiðtogi uppreisnarmanna, sagði í samtali við AP-fréttastofuna að engan bilbug væri að finna á mótmælendum og þeim væri sama þótt það myndi kosta hundruð mannlífa enn að koma stjórnvöldum frá.

Rússar eru farnir að saka Bandaríkin og fleiri lönd um að grafa meðvitað undan Moskvuhollum ríkisstjórnnum í fyrrverandi Sovétlýðveldum. Nikolaj Patrúsjeff, yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB, heldur því fram að Bandaríkin beiti óháðum félagsamtökum til að njósna

Keðjuverkun lýðræðisbyltinga

Yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar fulltrúi á föstudag að leyniþjónustur Bandaríkjanna og annarra erlendrar ríkja notuðu hjálparstofnanir og önnur óháð félagsamtök sem yfirvarp til að njósna um Rússa og að kynnda undir pólitískum óróa í fyrrverandi Sovétlýðveldum. George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í heimsókn í Georgíu í vikunni að hin friðsamlega Rósabylting þar í landi árið 2003 hefði hrint af stað keðjuverkun stjórnbreytninga í heimshlutanum; hún væri lýðræðisumbótastíminn í öðrum löndum hvatning.

Sovétríkin fyrrverandi skiptast nú upp svona:

Samveldi sjálfstæðra ríkja* Umskipti Evrópusambandið



Umskipti og staða nú

Hvíta-Rússland Í nýnu bandalagi við Rússland en Bush forseti kallaði það nýlega „síðasta einræðisríkið í Evrópu“.	Georgia Rósabyltingin árið 2003 steypti Edvard Shevardnadze af stóli eftir langa valdasetu, í kjölfar ásakana um kosningasvik.	Kirgisistan Askar Akajev var hrakinn af forsetastóli í mars 2005 í kjölfar þingkosninga þar sem margir töldu svik hafa verið í tafl.	Moldóva Forsetinn var hallur undir Rússa en ríkisstjórnin hefur nú snúið við blaðinu og vill sem námost tengsl við Evrópusambandið.	Úkraína „Appelsínugula byltingin“ 2004 knóði fram endurtekingu forsetakosninga þar sem Viktor Justjenko sigraði mann sem nauðstíðingur í Kremlar.	Úsbekistan Stjórnarandstaðingar voru skotnir í upptöum í Andijan í A-Úsbekistan á föstudag. Landið hefur litið stjórn Islams Karimov frá því að Sovétríkin leystust upp.
---	--	--	---	---	--



RÓSTUR Í ÚSBEKISTAN Fregnir herma að um 700 manns hafi látist í átökum stjórnarhers og uppreisnarmanna síðan á föstudag.

og ýta undir róstur til að tryggja að stjórnarmálmenntum sem vilja halla sér til vesturs komist að í sem flestum fyrrverandi Sovétlýðveldum.

Nýverið hrósaði George Bush Bandaríkjaforseti Georgíumönnum fyrir Rósabyltinguna og var ákaft hylltur í heimsókn sinni þangað.
oddur@frettabladid.is

Göng til Vestmannaeyja:

Jarðlög milli lands og eyja rannsökuð

JARÐGÖNG Íslenskar orkurannsóknir eru að hefja rannsóknir á jarðlögum milli Landeyjarsands og Vestmannaeyja. Þessar rannsóknir eru gerðar að frumkvæði Vegagerðar ríkisins í því að skyni að kanna aðstæður til jarðgangagerðar milli Vestmannaeyja og fasts lands.

Ýmsar rannsóknir hafa farið fram á þessu svæði áður, þó að engar nákvæmar rannsóknir séu til um jarðlögin sjálf.

Ólafur Flóventz, forstjóri Íslenskra orkurannsóknna, segir þessar rannsóknir ekki duga einar og sér til þess að fá úr því skorið hvort það er gerlegt að ráðast í gangagerð milli eyja og



GUNNAR GUNNARSSON Segir nauðsynlegt að rannsaka jarðlög milli lands og eyja betur áður en umræða um málið fer lengra.

lands, en rannsóknirnar munu gefa betri mynd af ástandi jarðlaganna á svæðinu.

Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri segir þessar rannsóknir nauðsynlegar til þess að komast að því hversu þykk lausu jarðlögin eru, því jarðgöngin verða vitanlega að vera á föstu bergi.

Mælingarnar fara að fram með hljóðbylgjumálingum þar sem endurvarp hljóðbylgna frá litlum sprengjum er notað til þess að ákvarða þykkt jarðlaganna. Áætlaður kostnaður við rannsóknirnar er um 10 milljónir króna.

- mh

989
BYLGJAN


N á tali hjá Hemma Gunn
Sunnudaga kl. 16-18:30



BETRI HRINGBRAUT

TÍMABUNDIN ÞRENGING MIKLUBRAUTAR

17. - 31. maí 2005



Miklabraut til móts við Rauðarástíg (Miklatún) verður þrengd tímabundið 17. - 31. maí 2005 vegna framkvæmda við tengingu Hringbrautar. Akreinum verður fækkað úr fjórum í tvær (ein í hvora átt). Gera má ráð fyrir umferðartöfum á álagstímum.

Beðist er velvirðingar á óþægindum vegna þessara framkvæmda. Tekið er við ábendingum um það sem betur má fara við framkvæmdina í síma **563 2510**. Nánari upplýsingar á **www.rvk.is/fs**



Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið





VEISTU SVARID?

- 1 Hvar verður Eurovision-söngvakeppnin í haldin?
- 2 Hvaða fótballalið þjálfaði Guðjón Þórðarson síðast?
- 3 Hvað heitir kvikmynd Dags Kára Péturssonar sem verið er að sýna í Cannes?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Kappaksturskappi í heimsókn á Íslandi:

Formúlubíll í Smáralind

FORMÚLA 1 Mark Webber, ökumaður BMW Williams-liðsins, dvaldi hér á landi yfir helgina. Keppnisbíll hans er til sýnis í Smáralind og hefur verið vinsæll meðal gesta í Smáralindinni. Hann verður sendur af landi brott í kvöld.

Webber, sem sagður er líklegur til þess að vera í fremstu röð ökumanna í formúlu 1 á næstu árum, hafði í nógu að snúast við að gefa eiginhandarritanir og kynna bílinn þann tíma sem hann stoppaði hér.

Webber færði Barnaspítala Hringins formúlu 1 leikfangabíla að gjöf og hélt síðan í Hagkaup í Smáralind þar sem hann ræddi við blaðamenn og áritaði myndir aðdá-



KEPPNISBÍLL BMW WILLIAMS Keppnisbíllinn, sem er til sýnis í Hagkaupum í Smáralind, hefur mikið aðdráttarafl.

enda sinna. Webber þótti koma afskaplega vel fyrir og var að sögn ánægður með viðtökurnar sem hann fékk hér.

Komu Webbers og keppnisbíls

hans má rekja til styrktarsamnings sem Baugur gerði við keppnislið BMW Williams, en liðið auglýsir Hamley's-leikfangaverslanirnar á bílnum.

LÖGREGLUMÁL

FÍKNIEFNI OG ÖLVUNARAKSTUR

Lögregla greip þrjá með lítilræði að fíkniefnum á sér í Reykjavík um helgina, líklega ætluð til eigin neyslu. Þá voru fjórtán teknir grundaðir um ölvun við akstur. Lögregla sagði helgina hafa verið með rólegra móti í Reykjavík, eitthvað var þó um útköll vegna óláta í heima-húsum.

INNBRÖT OG NIKÓTÍNFIKN Tilkynnt var um innbrot í tölvufyrirtæki á Stórhöfða aðfaranótt mánudags. Þar hafði verið rótað til í kössum án þess að nokkuð virtist hafa verið tekið. Þá sagði lögregla að tilkynnt hefði verið um tvo menn að skrifa út um glugga á annarri hæð húss við Klapparstíg, en við athugun reyndust þar á ferð starfsmenn fyrirtækis að svala nikótínfikn sinni.

Dúndur Tilboð

á öllum fiski í dag í fiskborði

Allur fiskur

Kr. 890,- kr.kg

t.d. stórlúðusneiðar,
skötuselur, laxaflök,
rauðsprettuflök, ýsuflök
....o.s.frv. 890 kr.kg

**TILBOÐIÐ GILDIR
AÐEINS Í DAG!**



Fiskbúðin Vör
— Fiskikóngurinn —

**Opið
laugardag
10-14.30**

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



ÁFENGI Rannsóknin leiddi í ljós að konur fengu jafn miklar heilaskemmdir og karlar en á skemmri tíma.

Ný þýsk rannsókn:

Ofdrykkja hættulegri konum en körlum

ÁFENGI Konur eru mun líklegri til að verða fyrir skaða af völdum áfengis en karlar samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem unnin var í Háskólanum í Heidelberg í Þýskalandi. BBC greinir frá þessu.

Í rannsókninni voru heilar 150 sjálfbóðaliða skannaðir. Helmingur sjálfbóðaliðanna var fólk sem átti við ofdrykkju að stríða. Niðurstöður heilaskönnunarinnar leiddu í greinilega ljós heilaskemmdir meðal þeirra sem drukku ótæpilega, meðal annars heilaryrnun. Heili kvenna sem drukku of mikið rýrnaði jafn mikið og hjá körlum, en á mun skemmri tíma.

Karl Mann, sem stýrði rannsókninni, segir þetta benda til þess að þó að karlar drekki að jafnaði meira áfengi en konur, verði þær frekar háðari því og viðkvæmari fyrir skaðlegum áhrifum þess. Því sé mikilvægt að greina og meðhöndla alkóhólisma í konum sem allra fyrst.

„Konur byrja yfirleitt að drekka síðar á ævinni en en karlmenn og neyta að jafnaði áfengis í minna mæli,“ segir Mann. „Því hefði maður búist við að áfengi hefði minni áhrif á þær en karla, en þetta sýnir að konur sem þjást af ofdrykkju eru líklegri til að hljóta skaða af en karlar.“ ■

www.icelandexpress.is

5.995

*

KR.

FYRIR BÖRN 2 - 12 ÁRA

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.



Fullorðinsverð frá **7.995 kr.**

Aðra leið með sköttum



Iceland Express

15% afsláttur á Voltaren Dolo frá 13.-24. maí



Voltaren Dolo

FLJÓTVIRKT VERKJALYF VIÐ M.A. TÍÐAVERKJUM
INNIHELDUR ENGIN ÁVANABINDANDI EFNI

Díklófenak-K 12,5 mg

FÆST ÁN LYFSEÐILS

- + **Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða eiga sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalísýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma, eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungu meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



SÍMON PERES OG RONALDO Brasilíska fótboltastjarnan og ísraelski varaforsætisráðherann fylgjast með knattspyrnuleik milli blandaðra liða palestínskra og ísraelskra knattspyrnumanna. Leikurinn er hluti af áætlun til að koma á friðsamlegri samskiptum milli þjóðanna og fór hann fram í strandborginni Herzliya í gær.

Ríkisvaldið og landeigendur:

Allir vilja eiga Jökulsárlón

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli fjármálaráðuneytisins á hendur Sameigendafélagi Fells og Einari Birni Einarssyni til að fá hnekktt úrskurði Öbyggðanefndar um eignarhald á Jökulsárlóni og stórum hluta jarðarinnar Fells í Suðursveit fór fram á fimmtudag í Héraðsdómi Reykjaness. Landeigendur gera gagnkröfur um að fá stærri eignarhlut en Öbyggðanefnd hafði úrskurðað.

„Meðal annars er tekist á um lónið og stóran hluta af Breiðamerkurjökli,“ segir Reynir Karlsson hæstaréttarlögmaður sem fer með mál landeigendanna. „Vísindarannsóknir hafa sýnt að undir



JÖKULSÁRLÓN Tekist var á í Héraðsdómi Reykjaness í vikunni um úrskurð Öbyggðanefndar um eignarhald á Jökulsárlóni og stórum hluta Breiðamerkurjökuls.

jöklinum var Breiðmörk og við landnám var þar grösugt svæði og láglendi. Landeigendur byggja á að þetta hafi verið numið þegar við landnám og engu eigi að breyta þótt snjóað hafi í jörðina.“ Öbyggðanefnd féllst hins veg-

ar í úrskurði sínum á landamerki til austurs, vesturs og til sjávar, en miðaði kröfufullnuna til norðurs við stöðu Breiðamerkurjökuls eins og hún var við gildistöku Þjóðlendulaga árið 1998.

- óká

Danskur þingmaður: Bannað að umgangast börn

DANMÖRK Saksóknari í Danmörku hefur krafist þess að Flemming Oppfeldt, fyrrum þingmanni Venstre, verði bannað að umgangast börn undir 18 ára aldri.

Oppfeldt er ákærður fyrir kynferðislegt samneyti við tvo drengi yngri en 15 ára. Hann var sviptur þinghelgi í október í kjölfar ásakana um að hafa misnotað drengina. Hann hefur viðurkennt að hafa átt í kynferðislegu sambandi við annan drengjanna. Sá er 13 ára en Oppfeldt segir hann hafa sagst vera 15 ára. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HRESSIR KRAKKAR Í LAUGARNESI Í REYKJAVÍK Lögreglan í Kópavogi segir eitt af vorverkum lögreglu á höfuðborgarsvæðinu að fylgjast með og leiðbeina börnum um reiðhjólnotkun.

Lögregla í Kópavogi:

Fylgist með hjólanotkun

LÖGREGLA í Kópavogi segist lögregla hafa sérstakt auga með reiðhjólafólki og börnum á reiðhjólum þessa dagana. Þetta mun vera eitt af hefðbundnum vorverkum lögreglu víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu, enda reiðhjólnotkun að aukast með bættu tíðarfari.

Kannað er hvort búnaður reiðhjóla er ekki í lagi, auga haft með hjálmanotkun og komið að atugasemdum ef úrbóta reynist þörf. Lögregla segir að sérstaklega sé fylgst með þar sem börn koma saman, í grennd við skóla og á leiðum í og úr skóla.

- óká

Lausir við grimmd götulífsins

Stuðningsbýli Samhjalpar veitir mönnum sem hafa verið háðir fíkniefnum og með geðræna kvilla aðstoð. Forstöðumaður Samhjalpar segir árangurinn hafa farið fram úr björtustu vonum. Lögreglan og félagsmálayfirvöld eru ánægð með framtakið.

MEDFERÐARÚRRÆÐI Bæði lögreglan og Félagsþjónustan í Reykjavík lýsa yfir mikilli ánægju með þann árangur sem Heimilið, stuðningsbýli Samhjalpar, hefur náð. Mikill meirihluti íbúa á Heimilinu er tvígreindir einstaklingar, bæði með fíknisjúkdóma og geðræna kvilla. Nú er svo komið að nokkrir þeirra eru orðnir gegnir þjóðfélagsþegnir eftir að hafa verið heimilislausir um langa hríð.

Sérstaða Heimilisins, sem er að Miklubraut 20, er fólgin í því að ekki er gerð sú krafa að íbúarnir séu edrú, eins og á flestum öðrum meðferðarheimilum, heldur er einblínt á að skapa þeim heimili þar sem þeir finna fyrir hvatningu og jákvæðu viðhorfi starfsmanna. Þannig ná þeir smám saman að efla sjálfstraust sitt, án þess að búa við þá óvissu að þeirra biði heimilisleysi og áframhaldandi grimmd götulífsins að meðferð lokinni.

Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjalpar, segir árangur af starfi Heimilisins hafi nú þegar farið fram úr björtustu vonum. Þannig hafi tveir fyrrverandi íbúar Heimilisins hafið eigin búsetu og einn núverandi íbúi stundi nám og gangi vel. Fyrir nokkrum árum hafi sá möguleiki verið óraunhæfur fyrir þessa menn, vegna úrræðaleysis. Helsta breytingin í



HEIMILIÐ AÐ MIKLUBRAUT 20 Starfsemi Heimilisins hefur haft afar jákvæð áhrif á íbúa þess.

lífi þessara íbúa, sem allt eru karlmenn, er föst búseta og heimilisleg sem og mannleg umhyggja.

Hrefna Ólafsdóttir, yfirmaður ráðgjafasviðs Félagsþjónustu Reykjavíkur sem hefur yfirumsjón með rekstri Heimilisins, segir reynsluna af þessu starfi í raun virkilega jákvæða. Þannig hafi starfið gjörbreytt lífi íbúanna og um leið minnkað talsvert álag á

öðrum stöðum í heilbrigðiskerfinu, þar sem íbúarnir voru fastagestir.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir reynsluna af Heimilinu afskaplega ánægjulega.

„Þarna sést hversu mikilvægt það er fyrir þennan hóp fólks að finna fyrir festu og reglulegri rúttinu í lífinu. Þessi hópur hvarf

af götunni og hefur ekki verið okkur til vandræða síðan Heimilið kom til,“ segir Geir. „Peningalega hefur Heimilið sennilega fyrir löngu borgað sig upp.“ Geir Jón telur að þessi hópur sé samfélaginu dýr og ljóst að áherslur Heimilisins á eðlilegt heimilislíf séu sennilega áhrifaríkasta meðferðarúrræðið fyrir þennan hóp fólks.

magnus.halldorsson@frettabladid.is

Komdu núna

Taktu bíl

Fjöldi notaðra bíla koma í sölu á hverjum degi. Komdu áður en þeir seljast. Komdu núna.

KLIKKAD VERÐ 😊
EKKERT ÚT 😊

Skoðu bílana í smáauglýsingum **Fréttablaðsins**.
Skoðu bílana á www.brimborg.is. Komdu í Brimborg Reykjavík, Akureyri.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Fríverslun við Kína:

Undirbúningur hafinn

FRÍVERSLUN Davíð Oddsson utanríkisráðherra og Bo Xilai, utanríkisviðskiptaráðherra Kína, hafa undirritað samkomulag milli landanna sem er undanfari fríverslunarviðræðna. Áætlað er að gera hagkvæmniskönnun til að undirbúa fríverslunarsamning og er Ísland fyrsta ríkið í Evrópu sem Kína gerir slíkan samning við.

Í hagkvæmniskönnuninni verður safnað saman upplýsingum um viðskiptahagsmuni, lagaumhverfi og fjárfestingar- og þjónustumöguleika sem skipta máli fyrir væntanlegar samningaviðræður á milli landanna.

Aðildarsamningur Kína við Al-

þjóðaviðskiptastofnunina veitir auknar heimildir til verndaraðgerða gegn kinværskum innflutningi en samkvæmt þessu nýja samkomulagi ætlar Ísland ekki að beita þeim heimildum heldur hefur áfram sömu heimildir og gagnvart öllum öðrum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Í gildi eru fríverslunarsamningar Íslands við EFTA-ríkin Sviss, Noreg og Liechtenstein en nýi samningurinn við Kína er einfaldlega tvíhliða samningur tveggja ríkja. Rætt verður um hugsanlega aðkomu hinna EFTA-ríkjana á síðari stigum samningaviðræðna. ■



DAVÍÐ ODDSSON Utanríkisráðherra Íslands og utanríkisviðskiptaráðherra Kína undirbúa fríverslunarviðræður.

Norska Dagblaðið: Um 90 missa vinnuna

NOREGUR Miklar sviptingar eru nú á norskum blaðamarkaði og fyrir helgina tilkynnti stjórn Dagblaðsins, eins stærsta síðdegisblaðsins, að segja yrði upp 89 manns vegna mikils taps á rekstri blaðsins.

Þarf blaðið að skera niður útgjöld um einn milljarð íslenskra króna fram til 2007. Dagblaðsins var daglega prentað í ríflega 183 þúsund eintökum á síðasta ári en sala á blaðinu hefur dregist saman um meira en tuttugu þúsund eintök það sem af er þessu ári. Hluti sparnaðaraðgerða felst í því að loka öllum útibúum blaðsins utan Oslóar. ■



OPIN KYNNING

á lokaverkefnum í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík

Haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, Ofanleiti 2

	Þriðjudagur 17. maí	Miðvikudagur 18. maí	Fimmtudagur 19. maí
Kl. 8:30 - 9:15 Stofa 231b	Starfsmannalistinn (SML) Vefþjónusta birtir uppfærðan lista yfir starfsmenn frá Active Directory (AD) grunnit OR til að forðast að nefngöngur á SPAM listum. Gluggaforrit stjórnar hvað birtist á vef með sérhæfðu gögnum fyrir hvern starfsmann. Samstarfsaðili: Orkuveita Reykjavíkur Nemendur: Björn Hr. Björnsson, Björn Þórhallsson.		Spurningabanki á netinu Verkefnið fólst í að gera spurningabanka fyrir kennara á netinu. Kennarar geta lagt spurningar í bankann og nemendur beðið bankann um að búa til próf til að æfa sig eða taka formlegt próf. Samstarfsaðili: Grunnskóli Grindavíkur Nemandi: Eiríkur Benediktsson.
Kl. 9:30 - 10:15 Stofa 201	Toyota - Þjónustukortid Með þjónustukorti opnar Toyota nýjar víddir í þjónustu við viðskiptavinina sína. Miðlari svarar fyrirspurnum frá posum og heldur utan um inni-stæðu þjónustukortsins ásamt því að hafa samskipti við upplýsingakerfi Toyota. Samstarfsaðili: Point á Íslandi Nemendur: Björn Gíslason, Guðmundur Jónsson, Kristbjörg Jónsdóttir.	Nytsemi veflausna Metnar voru 60 íslenskar vefsíður út frá gátlista og tekin viðtöl við vefstjóra þeirra síðna sem komu best og verst út til að kanna einkennandi þætti við bestu og verstu vefsíðurnar en einnig vinnu við gerð þeirra. Rannsóknarverkefni við HR Nemendur: Birna H. Ólafsdóttir, Sólrún D. Björnsdóttir, Stella Thors.	
Kl. 10:30 - 11:15 Stofa 231b	Úrslita- og einkunnakerfi fyrir Hlaup.is Úrslitakerfið auðveldar skráningu og birtir úrslit úr öllum almenningshlaupum á Hlaup.is. Einkunnakerfið heldur utan um einkunnir fyrir hlaup og birtir þær á myndrænu formi. Notendur með áskrift geta séð tölfræði sína úr hlaupum. Samstarfsaðili: hlaup.is Nemendur: Guðjón Hrafn Lárusson, Kristinn Rafn Elísson, Ólafur Róbert Ólafsson, Sigðurður M. Grétarsson.		Tinos Verkefnið felst í að byggja starfsmannavef í .NET umhverfi ofan á SAP HR Xpress lausn frá Nýherja. Veflausnin opnar aðgengi starfsmanna að upplýsingum um sig og fyrirtækið. Einnig auðveldar hún aðgengi stjórnenda að upplýsingum um starfsfólk. Samstarfsaðili: Nýherji Nemendur: Atli Þórðarson, Grímur Thorarensen, Gunnar Geir Jóhannsson, Unnar Snær Bjarnason.
Kl. 11:30 - 12:15 Stofa 201	Sölustýring VÍS Í kerfinu er haldið utan um söluverkefni þar sem hópi viðskiptavina er boðin tiltekin vara. Mögulegt er að skilgreina markhóp og halda utan um hvernig verkefnið er í framkvæmd og vinna úr niðurstöðum þess. Samstarfsaðili: VÍS Nemendur: Fjalur Jörundsson, Sigurjón Ingi Garðarsson, Sigurjón Lýðsson, Snorri Karlsson.	Real-Time Architecture for Emotionally-driven Adaptive Agents in Virtual Environments Í rannsóknarverkefninu eru búnar til „sýndarverur“ (e. agents) fyrir tölvuleiki sem nota tilfinningar sem hluta af ákvörðunartöku og lærdómi. Athugað er hvernig notkun tilfinninga hjálpar til við ákvörðunartöku og hvort notkunin leiðir til fljóttari lærdóms. Rannsóknarverkefni við HR Nemendur: Vignir Hafsteinsson, Ársæll Þ. Jóhannsson, Einar Jónsson.	Tenging við Norex Verkefnið felst í að tengjast kaupahallarneti Norðurlanda og gerast áskrifandi að gögnum sem þaðan berast og birta þær í töflum og á myndrænu formi. Kerfið er ætlað fyrir aðila sem starfa á fjármála-markaði og þurfa upplýsingar um þróun markaðar í rauntíma. Samstarfsaðili: Tm Software - Libra Nemendur: Bjarni Þór Gunnarsson, Einar Þór Eglisson, Finnur Þór Erlingsson, Hrnann Örn Jóhannsson.
Kl. 13:00 - 13:45 Stofa 231b	Innritunarkerfi fyrir flugfélög Útfærð var frumgerð að innritunarkerfi fyrir flugfélög, sem sér um innritun á farþegum og farangri í flugvélar. Kerfið hefur samskipti við önnur kerfi, þ.á.m. að taka við farþegalistum. Það heldur utan um jafnvægisstuðul flugvélar meðfram úthlutun sæta í vélinni. Samstarfsaðili: Flyware Nemendur: Ingi Rúnar Jónsson, Pétur Jónasson, Sigurjón Sveinsson.	Keros Verkefnið felst í að byggja veflausnir í .NET umhverfi ofan á Microsoft CRM viðskiptahugbúnað frá Microsoft. Lausnirnar krefjast þess að hannað sé gagnaskema í Microsoft SQL sem tengist Microsoft CRM grunnit og viðmótið nýtir Microsoft CRM viðmót. Samstarfsaðili: Nýherji Nemendur: Gunnar Traustason, Sigurjón Vilhjálmsson, Torfi Páll Ómarsson, Viðar Þorgeirsson.	Viðbót við Genius vefþjónustumiðlara Verkefnið er viðbót við Genius vefþjónustumiðlara Mens Mentis sem þjónar samhæfingarlutverki milli skyldra eða óskyldra vefþjónusta og stýrir rafrænum viðskiptaferlum. Viðbótin er miðlari sem byggir á BPEL (Business Process Execution Language) staðlinum. Samstarfsaðili: Mens Mentis Nemendur: Davíð Hansson, Geir Sigurðsson, Hjörtur Logi Dungal.
Kl. 14:00 - 14:45 Stofa 201	Ný tækni í skólaumhverfi Grunnur mySchool kerfisins var endurhannaður í næstu kynslóð ASP.NET umhverfisins (v2.0). Aðgengi fatlaðra að kerfinu er bætt og notkun kerfisins með farsímum, lófátölvum og TabletPC véllum auðvelduð. Verkefnið er styrkt af Opnum Kerfum, HP í Danmörku og Microsoft á Íslandi. Samstarfsaðili: Betri lausnir ehf. Nemendur: Friðbjófur H. Stefánsson, Friðvin Logi Oddbjörnsson, Róbert Leifsson og Snorri Beck Gíslason.	Boðberi Þróuð var lausn fyrir fyrirtæki til að senda skilaboð af ýmsum toga til viðskiptavina sinna með auðveldu aðgengi fyrir viðskiptavinina. Auk þess inniheldur kerfið ýmsa aðra hluti, eins og miðlæga geymslu á bókamerkjum og birtingu á afurðum RSS-veitna. Samstarfsaðili: Tölvumiðstöð sparísjóðanna Nemendur: Halldór Fjalldal, Helgi Már Sigurðsson, Kjartan Valur Þórðarson, Sindri Freyr Sigursteinsson.	Skráningarkerfi fyrir fimleikafélag Skráningarkerfið heldur utan um iðkendur fimleikafélagsins. Þjálfarar skrá mætingu iðkenda í gegnum GSM síma og foreldrar geta fylgst með mætingu barna sinna og séð tilkynningar til hópsins. Einnig er haldið utan um alla starfsmenn, sem og deildir, flokka og hópa. Samstarfsaðili: Fimleikafélagið Björk Nemendur: Árni Gunnarsson, Guðlaug Birna Björnsdóttir, Guðrún Lára Sveinsdóttir, Ósk Ólafsdóttir.
Kl. 15:00 - 15:45 Stofa 231b	iBet Í verkefninu var hannaður hugbúnaður fyrir nýja tegund veðbanka. Meginmarkmiðið var að brúa bilið á milli hinna tveggja ólíku heima .NET og Java, þannig að hægt verði að keyra .NET biðið (e. client) ofan á Java miðið (e. server). Samstarfsaðili: Betware á Íslandi ehf. Nemendur: Eðvald Ingi Gíslason, Guðmundur Þór Guðmundsson, Símon Óttar Vésteinsson, Valgeir Halldórsson.	Notkun notendamiðaðra aðferða í íslenskum hugbúnaðarfyrirtækjum Verkefnið fólst í að kanna stöðu notendamiðaðra aðferða hjá íslenskum fyrirtækjum. Er verið að nota notendamiðaðar aðferðir? Hvernig er þeim beitt? Hvaða styrkleika og veikleika hafa þessar aðferðir? Til að svara þessum spurningum voru sjö fyrirtæki heimsótt og fylgst með hugbúnaðarfólki við vinnu sína. Rannsóknarverkefni við HR Nemendur: Guðrún Hulda Jónsdóttir, Jónheiður Ísleifsdóttir.	Nytsemi hefðbundins hugbúnaðarferlis Markmið verkefnisins er að rannsaka þau vandamál, sem þróunar-teymi lenda í við notkun hefðbundins hugbúnaðarferlis. Viðfangsefnið var hóparnir, sem vinna að lokaverkefnum í HR. Lagðir voru spurningalistar fyrir hópmeðlimi og tekin viðtöl við hvern og einn, þrisvar sinnum yfir verk tímanna. Rannsóknarverkefni við HR Nemendur: Dagbjört Ólöf Sigurðardóttir, Matthildur Vala Pálmadóttir, Tinna Björk Hjartardóttir.
Kl. 16:00 - 16:45 Stofa 201	Handhelds.NET Í verkefninu eru þrjú lausar handtölvur notaðar við skráningu vöruhreyfinga í vöruhúsakerfinu OWAS og keyra Microsoft Axapta eins og hverjar aðrar útstöðvar á tölvuneti fyrirtækisins. Allar aðgerðir eru uppfærðar samstundis í miðlægan gagnagrunn fyrirtækisins og eru því aðgengilegar. Samstarfsaðili: Hugur hf. Nemendur: Guðmundur Karl Karlsson, Iouri Zinoviev, Margrét Lilja Magnúsdóttir, Viðar Ólason.	Nemendur sem eru að íhuga nám við skólann eru sérstaklega hvattir til að mæta. Boðið verður upp á léttar veitingar á milli kynninga.	

FABRIKAN

EFTIRMÁL: VÍKINGASKIPIÐ ÍSLENDINGUR

Leikur stórt hlutverk í Bjólfskviðu

Víkingaskipið Íslandingur kom til hafnar í New York í október árið 2000 eftir að hafa siglt í fjóra mánuði frá Íslandi. Íslandingur var lengi vel í Bandaríkjunum en Gunnar Mar- el Eggertsson eiganda skipsins og skipstjóri átti í erfiðleikum með að selja hann. „Fljótt yfir farið var aldrei fyrir séð hver yrði endirinn með Ís- lencing, ég náði ekki að ígrunda það nógu vel enda nógu mikið að koma siglingunni sjálfri í kring,“ segir Gunnar en síðar varð hugmyndin að reka skipið áfram í Ameríku. „Það var töluvert reynt en eftir 11. september þótti mér það fullreynt,“ segir Gunnar sem var kominn með samning við sænska símafyrirtækið Telia sem átti höfuðstöðvar stutt frá tvíburaturnun-



um. Eftir hryðjuverkaárásina var samningurinn sleginn af og Gunnar sat aftur uppi með skipið. Hann reyndi að selja það í gegnum Ebay

en að lokum sameinuðust fjórir ís- lenskir aðilar um kaup á honum og er skipið nú í Reykjanesbæ. Gunnar telur líklegt að hús verði byggt yfir Íslanding á næstu tveimur árum þar sem hann verður til sýnis ásamt víkingasýningu Smithsonian- safnsins sem gekk um alla Ameríku frá 2000 til 2002. Íslandingur hefur þó ekki legið kyrr síðan hann kom í heimahöfn. Hann var til að mynda notaður í kvikmynd- inni Bjólfskviðu sem tekin var upp hér á landi í fyrra. Gunnar er þó full- sáttur við að Íslandingur leggi árar í bát á næstu árum enda hafi víkinga- skip aldrei verið smíðuð til að endast lengur en tíu ár en það verður Ís- lencingur á næsta ári.

SVONA ERUM VIÐ



HVER ÍSLENDINGUR HESTHÚSAÐI AÐ MEÐALTALI 8,9 KÍLÓUM AF SKYRI ÁRIÐ 2003.

Heimild: Bændasamtök Íslands.

24
stundir

NÁM

SAMHLIÐA

STARFI



Stjórnun og forysta í skólaumhverfi

- haldið í samstarfi við IMG

Námið er ætlað stjórnendum og millistjórnendum í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum. Markmiðið er að efla skólastjórnendur m.a. á sviðum leiðtogafærni og mannauðsstjórnunar, fjármála- og rekstrarstjórnunar. Náminu lýkur með opnu málþingi þar sem nemendur kynna hópverkefni sem þeir vinna á síðara misserinu. Námið er tvö misseri og 15 einingar á háskólastigi.

Umsóknarfrestur fyrir næsta vetur er til 1. júní

- Að kennslunni koma ýmsir sérfræðingar með sértæka reynslu og þekkingu í stjórnun skóla
- Kennarar eru m. a. frá Háskóla Íslands og IMG

- Námtími 1. september 2005 - 16. júní 2006
Nánari upplýsingar og umsóknir á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS


- að vaxa og dafna

989
BYLGJAN

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30



Gullgrafaraleiðin í Kaliforníu (160 km)



GULLGRAFARALEIÐIN Western State 100 liggur um gamla gullgrafaraleið í Kaliforníu. Eins og sjá má er hlaupaleiðin snarbrött til að byrja með og liggur svo niður í móti undir lok hlaupsins. Gljúfrin geta þó reynt erfið og sömuleiðis tindurinn Devil's Thumb í brennandi hita um miðjan daginn.

Lífshlaup Gunnlaugs

Gunnlaugur A. Júlíusson hlaupari tekur þátt í 160 kílómetra hlaupi í Bandaríkjunum í lok júní. Hlaupin er gömul gullgrafaraleið um fjalllendi með snjóalögum og gljúfur í brennandi hita. Hlaupararnir geta mætt fjallaljónum og skröltormum á leiðinni.

Gunnlaugur A. Júlíusson hagfræðingur tekur þátt í Western State 100-hlaupinu í Kaliforníu í lok júní. Hlaupið er kallað drottning fjallahlaupanna í Bandaríkjunum og er elsta, þekktasta og eitt erfiðasta fjallahlaupið í landinu, alls 160 kílómetra langt. Western State 100 er gömul gullgrafaraleið sem liggur um snjóalög í fjalllendi og nokkur gljúfur. Um 400 manns leggja af stað á hverju ári og ljúka yfirleitt aðeins tveir þriðju þeirra hlaupinu innan tilsetts tíma, 30 klukkustunda. „Af hlaupinu fer það orð að ef maður kemst þetta þá kemst maður flest,“ segir hann.

Gunnlaugur hóf undirbúninginn í janúar og hljóp þá 70 kíló-



HLEYPUR 160 KÍLÓMETRA Gunnlaugur Júlíusson hlaupari tekur þátt í drottningu fjallahlaupanna í Bandaríkjunum í lok júní, 160 kílómetra hlaupi, sem getur tekið 30 klukkustundir. „Maður leggur af stað í besta formi lífs síns og sólarhring seinna kemur maður í mark í versta formi lífs síns.“

metra á viku. Smám saman hefur hann hert á undirbúningnum og hlaupin aukist í takt við það. Í apríl var hann farinn að hlaupa 120-130 kílómetra á viku og svipað í maí. Hann reiknar með að

vera búinn að hlaupa samtals 2.000 kílómetra í lok mánaðarins. „Með þessum undirbúningi á ég að komast í mark en svo er margt annað sem spilar inn í þetta. Ég byrjaði undirbúninginn um áramótin og byggi líka á eldri uppbyggingu. Þetta er ekkert sem maður hristir fram úr erminni,“ segir hann. „Núna þegar farið er að vora er Esjan afskaplega góð að kraftganga upp og hlaupa svo niður. Þetta er fjölþættur undirbúningur en maður getur þá að minnsta kosti sagt: Ég gerði það sem ég gat.“

Hlaupaleiðin snarbrött

Aðstæður á hlaupaleiðinni eru ólíkar því sem Íslendingar eiga að venjast. Hlaupararnir eru ræstir um klukkan fimm um morguninn og koma þeir síðustu í mark klukkan 11 morguninn eftir. Hlaupaleiðin er snarbrött fyrstu klukkutímana allt upp í 9.000 feta hæð. Nokkur gljúfur eru á leiðinni og liggur leiðin um





Í **KJÖLFAR MÖMMU** Litlir álfarungar svamla með móður sinni á tjönn í Þýskalandi.

Þau yfir daginn þegar hvað heitast er. Sömmuleiðis upp brattan tind, Devil's Thumb. Um nóttina eru hlaupararnir komnir niður í 1.000-2.000 feta hæð en Gunnlaugur segir að það verði ekkert léttara því að þá verði hlaupararnir orðnir svo þreyttir.

Fjallaljón og skröltormar

„Snjóalög eru mikil og þau gera hlaupið erfiðara. Árið 1995 þurfti til dæmis að hlaupa 30-40 kílómetra í snjó. Hitinn getur líka skipt máli. Hitinn getur orðið töluvert mikill um miðjan daginn í fjórum gljúfrum sem hlaupið er í gegnum og það getur maður ekki búið sig undir. Ýmislegt getur líka komið upp á. Skipulagningin í hlaupinu er mikilvæg hjá hverjum og einum, að fara ekki of hratt af stað þó að menn séu eldfrískir þegar þeir leggja af stað. Maður leggur af stað í besta formi lífs síns og sólarhring seinna kemur maður í mark í versta formi lífs síns,“ segir Gunnlaugur. „Þetta tekur á.“

Gunnlaugur hefur lesið frásagnir af fjallaljónum og skröltormum á hlaupaleiðinni. Fyrir tíu árum segir hann að hlaupara í æfingahlaupi hafi verið banað af fjallaljóni. „Ég er ekki að segja að það sé allt vaðandi í fjallaljónum en þegar hlaupararnir æfa þarna þá eru þeir með sérstakar blístrur sem eiga að fæla þau í burtu en í hlaupinu verður auðvitað töluverð umferð. Ég hef ekki heyrt af því að menn hafi orðið fyrir ásókn ljóna í sjálfu hlaupinu en ég hef lesið að skröltormarnir séu til staðar. Maður verður bara að gæta að þeim, sérstaklega yfir daginn þegar það er heitast,“ segir hann.

- Hvað ætlaðu að gera ef þú mætir skröltormi á leiðinni?

„Reyna að hoppa yfir helvítíð,“ svarar hann. „Annars er ekki hægt að búa sig undir þetta. Maður verður bara að takast á við það þegar þar að kemur. Svo er dimmt á nóttunni og þá hleypur maður með höfuðljós. Þá verður erfiðara að sjá hvað er framundan þannig að maður getur ekki tryggt sig gagnvart öllu.“

ghs@frettabladid.is



Komdu við í næstu verslun Pennans og mátaðu nýju, ódýru skrifborðsstólana!

Mjög ódýrir skrifborðsstólar sem smellpassa á heimaskrifstofuna!

Penninn býður nú þessa ódýru skrifborðsstóla sem henta vel á heimaskrifstofuna. Þá er hægt að fá með svörtu, bláu, eða rauðu áklæði.

Við bjóðum S102 skrifborðsstóllinn á sérstöku kynningarverði eða aðeins 5.900 kr. sem er 25% afsláttur frá réttu verði en kostar annars á fullu verði 7.900 kr.

T104 skrifborðsstóllinn kostar á fullu verði 10.550 kr. en á kynningarverði aðeins 7.900 kr. sem er 25% afsláttur!

Ath! 2ja ára ábyrgð.



Hallarmúla Reykjavík, sími 540 2000 • Hafnarstræti 91-93, Akureyri, sími 461 5050

Verslanir Pennans: • Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði • Ísafirði • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Talstöðin
FM 90,9

MORGUNÚTVARPIÐ
Í UMSJÓN SIGURJÓNS M. EGILSSONAR OG
GUNNHILDAR ÖRNU GUNNARSDÓTTUR
Alla virka daga kl. 7.



FBL-GREINING: VATNAJÖKULL

Stærsti jökull Evrópu

Vatnajökull er stærsti jökull Evrópu en hann þekur um 8.100 ferkílómetra landsvæði. Eðli málsins samkvæmt er ísmagnið gríðarlegt en talið er að alls séu í jöklinum um 4 þúsund rúmkílómetrar af ís og vegur jökullinn um 3.000 milljarða tonna. Eðlilega hefur jarðskorpan látið undan þessu fargi og sigið.

Hæstu tindar landsins

Þrjár hæstu Íslands eru á Vatnajökli, Kverkfjöll ná 1.860 metra hæð, Bárðarbunga 2.000 metrum sléttum og Hvannadalshnúkur á Öræfajökli er hæsti tindur landsins, 2.119 metrar yfir sjávarmáli. Hæsti tindur utan Vatnajökuls er Snæfell sem þó er nágranni jök-

ulsins, stendur við norðausturhorn hans og gnæfir 1.833 metra yfir sjávarmál.

Eldur og ís

Mikil eldvirkni er undir Vatnajökli og gýs þar reglulega í nokkrum virkum eldstöðvum. Virkast er í Grímsvötnum en þar hefur gosið tvisvar á síðustu árum, síðast árið 2004. Alls gaus tíu sinnum í eldstöðinni á 20. öldinni og því er um að ræða virkustu eldstöð landsins. Þegar gýs í Grímsvötnum fylgir oftast en ekki jökulhlaup niður Skeiðarársandinn með tilheyrandi skemmdum á mannvirkjum. Stórt gos varð í elstöðinni Gjalp í Bárðarbungu árið 1996 og varð hamfara-hlaup í kjölfarið sem olli gríðarlegum skemmdum á vegum og má enn sjá á



sandinum ummerki hlaupsins. Öræfajökullinn er sjálfur virk eldstöð og þar hefur gosið tvisvar síðan land byggðist.

Hvað ef hann hverfur?

Sökum þess hversu mikið farg jökullinn er á jarðskorpunni yrði landrís nokkuð mikið ef hann hyrfi og mundi þess

gæta langt út fyrir jaðar jökulsins. Landrís við Höfn í Hornafirði yrði um 20 metrar og allt að 5 metrar í 50 kílómetra fjarlægð frá jöklinum. Þessar breytingar tækju þó alllangan tíma eða allt að 100 ár.

HEIMILDIR: Vefur Veðurstofu Íslands og Vísindavefur Háskóla Íslands



SPURT & SVARÐ

GENGIÐ Á HVANNADALSHNÚK



STYRMIR STEINGRÍMSSON

Gengið hann oft áður

Styrmir Steingrímsson er Fjallaleiðsögumaður. Hann var einn þeirra sem lóðsaði 200 manns á Hvannadalshnúk.

Hvernig var? Þetta var einfaldlega fullkominn dagur á fjöllum.

Var ekkert erfitt að koma öllum skaranum upp á tindinn? Nei, alls ekki. Þegar hópurinn er jafn samstíga eins og þessi var þá er þetta eintóm gleði.

Hefur þú gengið oft á hnjúkinn sjálfur? Já, ég hef enga tölu á því orðið. Það kemur fyrir að maður gangi í svona blíðu en þetta var allveg einstakt, útsýni til allra átta.

Hefur svona stór hópur áður gengið á hnjúkinn? Nei, aldrei hafa svona margir gengið þetta á einum degi.



Gengið á hæsta tindinn

Um 200 manns gengu á Hvannadalshnúk nú um hvítasunnuhelgina í fylgd Fjallaleiðsögumanna. Veðrið lék við göngumenn sem þurftu að fækka fötum í hitanum þrátt fyrir að vera staddir á jökli í 1600 metra hæð yfir sjávarmáli.

SÍÐASTI SPOTTINN

Um 200 manns gengu á Hvannadalshnúk á laugardaginn í fylgd Fjallaleiðsögumanna. Hér er á ferðinni hópur frá Ferðafélagi Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Myrtur fyrir að ávarpa morðingjann ekki rétt

Ófrísk eiginkonan og þriggja ára dóttir voru á staðnum

DV – hefur þú séð DV í dag?



MINNINGIN FEST Á „FILMU“ Margir göngumanna höfðu myndavélar meðferðis og festu þessa minningu um gönguna á hæsta tind landsins á filmur og minniskubba.

FÖGUR FLJÓÐ Á JÖKLINUM Göngumenn spókuðu sig léttklæddir í 17 stíga hita í 1600 metra hæð yfir sjávarmáli, veðurblíðan hreinlega með ólíkindum.



FARARSTJÓRAFUNDUR Hér er hópur Fjallaleiðsögumanna á fararstjórafundi fyrir ferðalagið klukkan fimm að morgni. Hnúkurinn sjálfur sést í bakgrunni. Sjö tímum síðar hafði hópurinn gengið upp Virkisjökul upp á hnjúkinn.

ÓTRÚLEGT ÚTSÝNI Ægífastur útsýni blasti við göngumönnum þegar á tindinn var komið en mikil vindkæling var á tindinum þrátt fyrir sólskinið. Hér horfa göngumenn til vesturs yfir Skeiðarárjökul að Lómagnúpi, Heklu og Mýrdalsjökli.





SKÍÐAÐ UPP OG NIÐUR Sumir gengu á þar til gerðum fjallaskíðum upp á tindinn en þá er sett skinn undir skíðin, síðan er skinnið tekið af og skíðað aftur niður.

Fjallaleiðsögumenn stóðu fyrir fjölmennri göngu á Hvannadalshnúk nú um hvítasunnuhelgina. Alls gengu um 200 manns á tindinn og þó komust færri að en vildu. Gangan á þennan hæsta tind landsins tekur um sjö klukkutíma og óhætt er að segja að kjöraðstæður hafi verið til göngunnar. Í hlíðum jökulsins var allt að 17 stiga hiti í 1600 metra hæð og þurftu göngumenn að fækka fötum sem hlýtur að teljast til tíðinda.

Öryggis göngugarpanna var gætt í hvívetna og sáu leiðsögumenn til þess að allir komust heilu og höldnu upp og niður. Höfðu göngumenn meðferðis mannbrodda og ísaxir til þess að hafa allan vara á.

Fyrstu hóparnir lögðu af stað klukkan fimm um morguninn og voru rétt um sjö tíma að ganga á tindinn. Þegar upp var komið, í 2.119 metra hæð þá var vindkælingin orðin það mikil að göngumenn gátu ekki staldrað þar við nema í nokkrar mínútur, þrátt fyrir allt sólskinið og blíðuna.

Sumir göngumanna notuðust við sérstök fjallaskíði sem hægt er að ganga á upp fjallið en þá eru þar til gerð skinn sett undir skíðin, svo þegar á toppinn er komið eru skinnin tekin undan og þá er hægt að renna sér niður hlíðar jökulsins. Ljósmyndari Fréttablaðsins var með í för og festi þennan fallega dag og göngufólk á filmu og segja þær myndir meira en mörg orð. ■



SLAKAÐ Á Í POTTUNUM Heitu pottarnir við Svínafell sviku ekki göngugarpana eftir erfiði dagsins. Þar lét fólk líða úr sér göngupreytuna.

Brenna þessar spurningar á þínum vörum?



Á ég að endurskipuleggja fjármálin mín með húsnæðisláni?

Er hagstætt fyrir mig að endurfjármagna?

Er hagstætt fyrir mig að selja núna?

Get ég fengið 100% lán?

Er hagstætt fyrir mig að kaupa núna?

Er ráðum fasteignasala treystandi?

Get ég tekið gamla lánið með mér?

Á ég að minnka við mig?

Hvað felst í þóknunum fasteignasala?

Á ég að selja og leigja?

Á ég að leigja eða kaupa?

Er ég orðinn ríkur?

Á ég að stækka við mig?

Hvernig íbúð á ég að kaupa?

Hvar á ég að kaupa?

Ætti ég að skuldsetja íbúðina mína meira?

Hvaða lán hentar mér best?

Kynntu þér fjölbreytt úrval húsnæðislána hjá Íslandsbanka

Fáðu skýra mynd af fasteignamarkaðnum og þeim möguleikum sem bjóðast á fjármögnun.

Íslandsbanki býður til fræðslufundar á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún þar sem leitast verður við að svara spurningum þínum um ástand og horfur á íbúðamarkaði. Fundarstjóri er Pétur Blöndal alþingismaður.

Fundurinn verður miðvikudaginn 18. maí og hefst kl. 20.00.
Fundurinn er opin viðskiptavinum Íslandsbanka meðan húsrúm leyfir.

Vinsamlegast staðfestu þátttöku á www.isb.is eða með því að hringja í þjónustuver bankans í síma 440 4000.

Dagskrá

- 20.00 Opnun fundar
Pétur Blöndal alþingismaður
- 20.10 Horfur á íbúðamarkaði
Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka
- 20.40 Fasteignasali – flón eða fyrirmynd?
Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala
- 21.00 Hvaða lán henta þér?
Björn Sveinsson, útibússtjóri hjá Íslandsbanka
- 21.20 Umræður og fyrirspurnir
Kaffi og meðlæti



ÍSLANDBANKI | 100%

Sterkur leikur

3 ára ábyrgð

Innifalið í 3 ára ábyrgð eru 3 fríar þjónustuskoðanir, með síum og oliuskiptum
Nánari upplýsingar á www.komatsu.is



KRAFTVÉLAR EHF. • Dalveg 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500 • Fax 535 3509 • www.kraftvelar.is

EUROVISION VEÐMÁLID

Pú færð sjónvarpið **ENDURGREITT**
ef Ísland **VINNUR EUROVISION**

27"

ÖÖRRRPPUNNT!
27" FLAT SJÓNVARP

HDTV READY
WIDE SCREEN

MD41527

Mynd í mynd
Tækni er útbúið mynd í mynd tækninni sem er mjög þægileg fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast hverju sinni.

Ótal tengimöguleikar
Sjónvarpið er útbúið 2 scart tengjum sem auðveldar tengingar við DVD spilara, heimabíó eða afurðlara. Einnig er tækni útbúið 2x S-VHS og RGB tengi.

Tengdu við tölvuna
Medion flatsjónvarpið er með inngang fyrir tölvur. Upplausnin býður uppá góða mynd jafnvel á 27" tæki.

High Definition Ready
Sjónvarpið er með 1280x720 dpi upplausn á meðan hefðbundin sjónvörp eru með 640x480 dpi. Flatsjónvarpið getur því skilað skýrari mynd en þú átt að venjast.

Frábær tilboð!
Kaupaukar með öllum sjónvörpum

9.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

119.988
STADGREITT

28"

DENVER
Denver 28" Sjónvarp
DTN-2822

- 28" Black Matrix myndlampi
- Textavarp • AV tengi að framan
- 2x Scarttengi/RGB • Fjarstýring

2.799
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

33.588
STADGREITT

Kaupauki 1 + **Kaupauki 2** + **Kaupauki 3** + **Kaupauki 4**

Subway party platti + **Fjörpakki af Coke** + **Eurovision diskurinn með Selmu** + **Frábær tilboð!**

Kaupauka 1, 2, og 3 færðu um leið og þú kaupir sjónvarpstækið, kaupauki 4 verður endurgreiddur ef Ísland vinnur Eurovision

Heimabíó SONY

Svona virkar heimabíó
Fjölkerfa heimabíó!

BT Bestu kaupin

mp3 VIDEO CD DIGITAL SURROUND DVD

DAV SB100

2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

29.988
STADGREITT

Hátalarakerfi
5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS basshátalara

Dolby Digital/DTS Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

Fjölkerfa DVD spilar
sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/JPEG og MP-3

Útvarp
Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum

TOSHIBA Satellite

PSL10E-00M01RED
TOSHIBA SATELLITE L10-132

- Intel® Celeron M 1.5GHz
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 60GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
- DVD Super Multi brennari
- VGA, TV-OUT
- Þráðlaus netstýring 802.11BG
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

20th Anniversary Toshiba Notebook PC Since 1985

Árið 1985 var fyrsta fartölva heimsins sett á markað af Toshiba. Toshiba hefur verið leiðandi í framleiðslu og þróun fartölva í 20 ár

3.530*

DVD skrifari
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

Tengdu við sjónvarp
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónvarp.

Notaðu tvo skjái
Með þessari tækni getur þú stækkað skjáplássid til muna. Þægilegt ef verið er að vinna í mörgu í einu.

Celeron M
Njii Celeron M örgjörvinn er byggður á Centrino tækni og afkastar mun meira en eldri Celeron örgjörvar

GJAFABRÉF kr. 5.000,-
Fimm þúsund krónur

BT FYLGIR

3.530
Tölvukaupalán 48 mán.

9.999
Vaxtalaust 12 mán.

119.988
Staðgreitt

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

BILL PAXTON (1955 -)
fæddist þennan dag.



„Ég hef ætíð elskað kvikmyndir um svikarhrappa, þeir eru jafn bandarískir og eplabaka.“

- Bill Paxton er bandarískur leikari sem leikið hefur í myndum á borð við Aliens og Apollo 13.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Líkkista Charlies Chaplin finnst

Líkkista með leifum leikarans Charlie Chaplin var grafin upp úr túni skammt frá heimili hans í Sviss þennan dag árið 1978, en líkkistunni hafði verið rænt úr gróf hans ellefu vikum áður. Chaplin lést á jóladagsmorgun árið 1977, þá 88 ára gamall. Hann var jarðsettur í þorpinu Corsier í hæðunum ofan við Genfarvatn, en Chaplin hafði búið í Sviss frá 1952. Þegar líkstuldurinn spurðist út barst fjöldi krafna um lausnargjald. Flestar voru gabb en nokkrum vikum eftir ránið barst krafa ásamt ljósmynd af líkkistu Chaplins. Ekkja leikarans, lafði

Oona O'Neill Chaplin, neitaði að borga og sagði að manni sínum hefði fundist þetta fáránleg uppákomu. Lögreglan hleraði síma Chaplin-fjölskyldunnar og handtók í kjölfarið 24 ára gamlan Pólverja og 38 ára Búlgara. Pólverjinn Wardas sagðist hafa fengið hugmyndina af svipuðu máli í ítölsku fjölmiðlunum og hélt að þarna væri komið svar við öllum hans fjárhagsvandræðum. Hann hlaut fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir uppátækið. Líkkista Chaplins var jörðuð á ný í kirkjugarðinum en nú í þjófheldri steyptri gróf.



MERKISATBURÐIR

- 1724** Mývatnseldar hefjast og standa með hléum í 5 ár. Gígurinn Víti í Kröflu verður til.
- 1841** Tómas Sæmundsson, prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, deyir, 33 ára að aldri. Hann var einn Fjölnismanna.
- 1904** Guðmundur Björnsson, síðar landlæknir, mælir þessi frægu orð á bæjarstjórnarfundum þegar nauðsyn vatnsveitu ber á góma: „Vér verðum annaðhvort að flytja bæinn að vatni eða vatn að bænum.“
- 1990** Mikhaíl Gorbatsjov hittir Kazimiera Prunskiene, forsætisráðherra Litháens, á sögulegum fundi vegna vaxandi spennu.
- 1998** Kristján Helgason verður Evrópu meistari í snóker á móti í Finnlandi.

ANDLÁT

Hallgrímur Egill Sandholt, verkfræðingur, lést fimmtudaginn 12. maí.

Jón Lúthersson, frá Brautarholti í Staðarsveit, Grýtubakka 26, lést föstudaginn 13. maí.

JARÐARFARIR

15.00 **Jóhanna Margrét Sigurðardóttir**, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju.


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AFMÆLI



Árni Ibsen leikskáld er 57 ára.



Þorgils Óttar Mathiesen, fyrrum handboltakappi, er 43 ára.



Gunnlaugur Stefánsson, prestur og fyrrverandi alþingismaður, er 53 ára.



Birgir Örn Steinarrson tónlistarmaður er 29 ára.



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Siv ásamt frænda sínum, Bjarka Þór Friðleifssyni, og syni, Hákonu Juhlin Þorsteinsyni.

TÍMAMÓT: NORÐMENN FAGNA ÞJÓÐHÁTÍÐARDEGI

Siv hlúir að rótunum

Í dag er þjóðhátíðardagur Norðmanna. Hann er ávallt í heiðri hafður í fjölskyldu Sivjar Friðleifsdóttur, enda er hún sjálf fædd í Osló. „Við förum alltaf í jarðaberjaskreytta rjómatertu hjá mömmu og síðan tekur við móttaka í norræna húsinu seinnipart dags,“ segir Siv sem greinilega leggur mikið upp úr því að halda lífi í norskum fjölskyldurótum sínum. „Við förum líka alltaf með strákana okkar í skrudgöngu, þar sem við veifum norskum fánum og tókum þátt í hefðbundnum hátíðarhöldum, en þeir eru nú orðnir frekar gamlir fyrir það stand núna finnst mér,“ segir Siv.

Móðir Sivjar, Björg Juhlin Arnadóttir, er norsk og hefur kennt norsku í 35 ár á öllum stigum skólakerfisins. Í gegnum hana hafa viðhaldist rík tengsl við Norveg og norska menningu. Yngsti sonur Sivjar var skírður virðulegu norsku nafni, Hákon Juhlin, og mun því óhjákvæmilega tengjast Noregi alla sína tíð. Siv telur tengslin við móðurlandið mikilvæg og leggur sig fram við að halda þeim tengslum traustum og góðum. Þannig heimsækir fjölskyldan Noreg reglulega og er með ferð þangað í sumar í bígerð. Fjölskyldan hefur lagt sig fram við að viðhalda norskrí tungu og hefur Siv oft notað hana á ráðstefnum. „Við systkinin tölum

norsku reiprennandi og reynum að miðla þekkingunni til annarra fjölskyldumeðlima sem mest,“ segir Siv og er greinilega meðvitund um mikilvægi þess að búa yfir góðri kunnáttu í skandinaviskri tungu.

Á þessu ári eru 100 ár síðan Norðmenn slitu konungssambandinu við Svía og því er dagurinn í dag örlítið stærri en venjulega. Norska sendiráðið heldur utan um hátíðarhald og hefur skipulagt dagská sem hefst með minningaráhöfn í Fossvogskirkjugarði um látna Norðmenn á Íslandi. Dagskráin er aðgengileg á vefsetri Norðmanna á Íslandi, www.noregur.is. ■

FYRSTA STARFIÐ

Hýran fór í sælgæti og bíóferðir

„Ég sennilega eins og flestir strákar á þessum aldri, seldi Vísi og bar út Alþýðublaðið,“ segir Hreinn S. Hákonarson, fanga- prestur Þjóðkirkjunnar, um sitt fyrsta starf. Hreinn segir Alþýðublaðið yfirleitt hafa verið létt í poka en hann minnst þess helst að hafa alltaf fengið riflega af aukablöðum af Vísi sem hann seldi síðan á torginu í bænum. „Það var heilmikill aukapeningur í því,“ segir Hreinn sem eyddi hýrunni aðallega í sælgæti og bíóferðir.

Hreinn bar Alþýðublaðið út í Grímstaðarholtinu. „Í minningunni er það kannski undarlegt að flestir áskrifendurnir voru á

Ægisíðunni og Tómasarhaganum sem talin var auðmannagata,“ segir Hreinn sem einnig minnst þess að stór hópur fólks fékk blaðið ókeypis. „Líklega hafa það verið einhverjir höfðingj-

ar, athafnamenn og pólitikarar sem blaðið hefur talið akk í að fengju blaðið,“ segir Hreinn sem las myndasögurnar í blöðunum.

Hreinn man vel eftir Ólafi blaðasala. „Hann gat verið illskeyttur. Hann stóð á horninu þar sem nú er veitingahúsið Apótekið. Maður mátti ekki koma nálægt honum, þá hreytti hann einhverju í mann,“ segir Hreinn sem dáðist alltaf að því hvað Óli gat haldið á mörgum blöðum undir hendinni. ■



HREINN S. HÁKONARSON Fanga- presturinn bar út blöð sem ungur strákur í Reykjavík.



Kær vinur okkar,
Hákon Björnsson
Sudurgötu 27, Keflavík,

andaðist á heimili sínu föstudaginn 6. maí. Hann verður jarðsönginn frá kapellunni í Hafnarfjarðarkirkjugarði miðvikudaginn 18. maí kl. 14.00.

Grétar Sveinsson, Jón Benjamínsson og fjölskyldur.

Fróðleikur af gardur.is



Prestur og vígslubiskup:

Bjarni Jónsson

Bjarni Jónsson var fæddur í Mýrarholti við Rvík 21. okt. 1881, sonur Jóns Oddssonar tómthúsmanns og k.h. Ólafar Hafliðadóttur. Stúdent 1902. Hélt áfram farsælum námsferli með prófum við Hafnarháskóla, síðast embættisprófi í guðfræði 1907. Skólastj. barna- og unglingask. á Ísaf. 1907-10. Skipaður 2. prestur við dómkirkjuna 1910, dómkirkjupr. 1924-51. Prófastur í Kjalarnespróf.dæmi 1932-38, dómpróf. 1945-51. Vígslubiskup í Skálholtsbiskupsdæmi forna frá 1937 til æviloka, 19. nóv. 1965. Settur biskup Ísl. í þrjá mánuði. Prófdóm. við guðfræðideild HÍ 1911-63, form. KFUM 1911-65, í stjórnarnefnd Kvennask. 1915-65, stjórn Prestafél. 23 ár, Hins ísl. Bibliúfél. mörg ár, form. Ekknasjóðs Rvíkur 1924-51, fyrsti forseti Reykvikingafél., fulltrúi kirkju Ísl. á kirkjupingi í Stokkholmi og ferðaðist um Danmörku með erindi, fyrirlestra og guðspjónustur. Heiðursdoktor í guðfr. við HÍ, hlaut ýmsar orður, heiðursborgari Rvíkur, heiðursfél. brezka Bibliúfél., KFUM, Prestafél. Ísl., Reykv.fél. o.fl. Tapaði naumlega fyrir Ásgeiri Ásgeirssyni í forsetakjöri 1952. Ritstjór: predikanir, erindi, ritgerðir, auk bæklinga og þýddra rita. Um hann er bókin Séra Bjarni (ýmsir höfundar). Hann var orðheppinn, fastheldinn í trúarefnum, trú hans heit og andrik. K.h. (1913) var Áslaug Ágústsdóttir. Börn þeirra: Ágúst skrifstofustjóri, Ólöf sendiherrafrú og Anna.

Meira um hann á gardur.is

Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

gardur.is



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 4.06	13.24	22.45
AKUREYRI 3.30	13.09	22.50

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagur 17. maí, 137. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	14-15
Akkurat	10-11
Árborgir	30
Ás	38-39
Bífröst	18
Draumahús	23-26
DP Fasteignir	5
Eignalistinn	27
Eignakaup	12
Eignastýring	34
Fasteignamarkaðurinn	19
Fasteignamiðlun	17
Fasteignam. Grafarv.	16
Fasteignam. Hafnarfj.	41
Fyrirtækjasala Íslands	35
Hraunhamar	32-33
Húseign	22
Húsaland	12
Höfði	28
Lundur	6-7
Lyngvík	20-21
Neteign	40
Nethús	13
Nýtt heimili	31
Remax	36-37 & 42
Valhöll	8-9
Viðskiptahúsið	29

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 38

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt - fasteignir

hús o.fl.

Búslóðinni pakkað í gám BLS. 2
Gamalt hús með sál BLS. 4

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Garðurinn er sérlega fallegur við húsið. Þar er að finna fjölmargar trjategundir, holtagrjót, heitan pott og matjurtagarð. Aukinheldur eru tvennar góðar svalir á efri hæð hússins.

Glæsilegt einbýli á skjólgóðum útsýnisstað

Fasteignasalan Þingholt er með einstaklega fallegt og vel við haldið einbýlishús við Skógarhjalla í Kópavogi til sölu. Húsið er 275 fermetrar, búið fimm svefnherbergjum og allt hið vandaðasta að innan sem utan.

Gengið er inn í húsið á neðri hæð en þar er rúmgóð flísalögð forstofa með stórum fataskápum með hurðum úr kirsuberjaviði. Gólf í forstofu er hitað. Parkettlagður gangur tekur við og við hann eru fjögur herbergi; eitt stórt parkettlagt svefnherbergi með útgengi á verönd og í garð, parkettlagt vinnuherbergi, flísalagt baðherbergi með rúmgóðri sturtu, geymsluherbergi með frystikistu og skápum. Allar hurðir í húsinu eru nýjar, þær eru úr kirsuberjaviði og með fallegum húnum.

Hringstigi er upp á aðra hæð hússins. Þar eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, borðstofa, eldhús og þvottahús. Tvennar stórar yfirbyggðar (opnanlegar) svalir með létt yfirbragð eru á efri hæðinni. Aðrar

snúa í austur, hinar í vestur. Eldhús er parkettlagt og með vandaðri innréttingu og tækjum. Inni af eldhúsi er þvottahús og þaðan útgengt í garð. Tvö svefnherbergi eru með parketti og hjónaherbergi er korklagt með stórum skápum. Baðherbergi er með góðri innréttingu, sturtuklefa og baðkari. Í borðstofu er sérstaklega hönnuð innrétting fyrir hljómtæki, diska, nótur o.fl.

Garðurinn er mjög fallegur, með holtagrjóti, heitum potti og skjólgóðri verönd. Garðurinn er prýddur ýmsum af fallegustu trjategundum landsins auk þess sem matjurtagarði hefur verið komið haganlega fyrir. Réttur til að byggja bílskúr liggur fyrir en bílplan er hitalagt. Húsið er nýmálað að utan og stutt er í alla þjónustu.

Húsið er teiknað af Gunnari Guðmundssyni arkitekt, um hönnun garðs sá Gunnar Gunnarsson landslagsarkitekt og innréttingar eru hannaðar af Hans Ólafssyni arkitekt.

Nánari upplýsingar um húsið eru veittar á skrifstofu Þingholta í síma 590 9500. ■

LIGGUR Í LOFTINU

í fasteignum



Skuggagarðar, nýir stúdentagarðar í miðbænum, munu rísa við Lindargötu þar sem gamla Ríkið var til húsa. Húsin verða þrjú með samtals 98 einstaklingsíbúðum og er stefnt að því að þær fyrstu þeirra verði tilbúnar í ágúst næsta sumar.

Um 22 milljónir íslenskra króna hafa borist til endurbóta á Nesstofu á Seltjarnarnesi frá danska styrktarsjóðnum Augustinus Fonden. Styrkurinn bætist við framlag Seltjarnarnesbæjar og stuðning menntamálaráðuneytisins. Nesstofa er langelsta húsið á Seltjarnarnesi og var reist á árunum 1761-63 yfir nýskipaðan landlækni, Bjarna Pálsson, sem heimili, læknastofa, kennsluhúsnæði og apótek. Danski hirðarkitektinn Jacob Fortling teiknaði það. Eftir viðgerðirnar verður Nesstofa sýnd og notuð á hátíðarstundum undir samkomu og fundarhöld og við undirritun merkra samninga.



Nýtt safnahús er að rísa í Neðstakaupstað á Ísafirði og er það fullkomlega í stíl við önnur hús á svæðinu, sem flest eru komin til ára sinna. Bygging þess hófst síðastliðið haust og vonir standa til að það verði tilbúið á allra næstu vikum. Það er fyrirtækið Vestfirskir verktakar sem sér um smíðina. Af vefnum www.bb.is

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Gluggavottur

Nú er tími til að þvo gluggana jafnt að utan sem innan. Dagarnir verða bjartari og gróðurinn fer að taka við sér og alger synd að geta ekki séð almennilega út um gluggana.



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

S.O. Garðverk

Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,
TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson
S: 822 3650



FRÉTTI ABÍÐ/STEFAN KARLSSON

Þrúðvangur við Laufásveg er virðulegt hús með mikla sögu.

Gamalt hús með sál og sögu

Í kjallara Þrúðvangs við Laufásveg var áður funda- og salernisaðstaða fyrir nemendur MR. Nú hefur Ólöf Pálsdóttir arkitekt tekið kjallarann í gegn frá grunni.

„Ég ákvað þegar ég kom heim frá námi í Kaupmannahöfn að taka þennan kjallara í gegn og gera úr honum íbúð. Það hafði reyndar alltaf staðið til að gera hér íbúð, en ekkert endilega fyrir okkur,“ segir Ólöf og hlær. „Við pabbi vorum svo saman í þessu, en hann er auðvitað sérhæfður í því að taka í gegn gamlar byggingar.“



Ólöf með soninn Val.

Ólöf, Páll og Guðmundur, eiginmaður Ólafar, rifu allt út úr kjallarnum, brutu niður nokkra

veggi og innréttuðu allt upp á nýtt. „Við nýttum þó ýmislegt af því sem var hér fyrir eins og viðinn í forstofunni og flísar á anddyri og gangi en við lögðum parkett á önnur gólf. Þá eru gluggarnir alveg óbreyttir.“

Ólöf segir gömul hús hafa sérstakt gildi fyrir sig og ekki síst þetta sem hún bjó í frá því hún var 16 ára. „Ég lærði auðvitað í uppvextinum að bera virðingu fyrir gömlum húsum, en ég er ekkert feimin við að blanda saman gömlu og nýju. Það er einmitt það sem er svo skemmtilegt í arkitektúrnum núna.“

Gamli kjallarinn í Þrúðvangi er nú hinn glæsilegasti, en sjón er sögu ríkari. ■

Stallað Pakál

Bára

Trapisa

ALTAK

Stórhöfða 33
Sími: 577 4100
www.altak.is



Borðstofuborðið keyptu foreldrar Ólafar í Englandi fyrir margt löngu, en gamla borðið kallast skemmtilega á við stólana sem hafa verið gerðir upp.



Í barnaherberginu útbjó Ólöf kítarvegg fyrir listamenn framtíðarinnar.

9.895

Sláttuvél, Texas Garden
Rafmagn, 1000W, grassafnari
5085121

Vertu klár
...fyrir sumarið

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



Nýtt og gamalt í bland á baðherberginu.



Og í svefnherberginu málaði hún laufflöd.



Ólöf hélt flísunum á ganginum ...

Systir Ólafar keypti þetta veggfóður í Kaupmannahöfn.



Gluggarnir fengu alveg að halda sér.



Opið er úr eld-húsinu yfir í borðstofu og stofu.

„Ef að drottinn ekki byggir húsið...“

Við Laufásveg stendur virðulegt steinhús sem ber nafnið Þrúðvangur. Húsið á sér langa og merkilega sögu og hefur þjónað sem heimili fjölda fólks fyrir utan að þjóna gjöfum mennta og tónlistar. Í dag búa hjónin Páll V. Bjarnason arkitekt og Sigríður Harðardóttir ritstjóri í húsinu og í kjallaranum hafa dóttir þeirra, Ólöf, og maðurinn hennar, Guðmundur Albert Harðarson, hreiðrað um sig með syni sína tvo.



Páll V. Bjarnason arkitekt er mikill húsverndarmaður. Hér er hann með barnabarni sínu, Herði Sindra Guðmundssyni.

Stórslysi afstýrt

Páll og Sigríður keyptu húsið árið 1990 og gerðu upp efri hæðirnar, en kjallarin sat eftir þangað til nýlega að dóttir þeirra kom heim frá námi í arkitektúr. Hún hefur nú innréttað kjallaran frá grunni fyrir sig og fjölskyldu sína.

Páli þykir afar vænt um húsið og þekkir sögu þess vel.

„Húsið er byggt árið 1918, en það var Margrét Zoëga sem byggði það. Hún átti og rak Hótel Reykjavík við Austurvöll sem brann í brunanum mikla árið 1915, en þetta hús byggði hún þremur árum seinna.“

Páll segist ekki vita ástæðu þess að ekkjan ríðst í byggingu þessa stóra húss, orðin frekar fullorðin og börnin löngu farin að heiman.

„Margrét var tengdamóðir Einars Benediktssonar,“ segir Páll. „Eftir brunann 1915 bjó hún í Höfða hjá Einari og Valgerði dóttur sinni, og þegar hún byggði þetta hús hefur hún greinilega verið undir einhverjum áhrifum frá Höfða. Þegar Einar og Valgerður komu heim frá Kaupmannahöfn árið 1921 leigðu þau hér og bjuggu hjá Margréti til ársins 1927, að þau fluttu út aftur. Margrét seldi svo húsið Kjartani Gunnlaugssyni stórkaupmanni árið 1928. Hann var forstjóri fyrirtækis sem hét Helgi Magnússon og Co. sem var eitt stærsta fyrirtækið í byggingarvörum og slíku. Sú fjölskylda átti húsið til ársins 1951, en þá keypti Tónlistarfélagið í Reykjavík húsið og hér var Tónlistarskólinn í Reykjavík í tíu ár. Hér var kennt á öll hugsanleg hljóðfæri og tónlist og söngur ómaði um húsið, enda sérlega góður andi hér,“ segir Páll brosandí.



Í stofunni er nýju og gömlu blandað saman.

„Þrúðvangur var seldur Framkvæmdabankanum árið 1961. Þá var bankastjóri þar dr. Benjamín Eiríksson og hann keypti líka húsið númer 9 við Laufásveginn og tvö hús við Miðstrætið, allt til niðurrifs því hann hugðist byggja stórhýsi fyrir Framkvæmdabankann á lóðunum. Sem betur fer varð ekkert úr því slysi, en í staðinn leigði Framkvæmdabankinn Menntaskólanum í Reykjavík húsið fyrir kennslustofur. Menntaskólinn var svo hér til ársins 1999 þegar við keyptum.“

Þrúðvangur er um það bil 450 fermetrar með viðbyggingunni sem Kjartan Gunnlaugsson lét byggja. Líklega þegar þau hjón voru orðin eldri og komust illa milli hæða. Nú er teiknistofa Páls og Ólafar í þeim hluta hússins.

Páll er formaður Torfusamtakanna og mikill húsverndarmaður. Hann tók húsið í gegn frá grunni, skipti um lagnir og gólfefni, og klæddi það að innan.

„Við verðum að passa að afmá ekki söguna, það verða stórslys öðru hvoru en við höfum sem betur fer skánað hvað þetta varðar,“ segir Páll.

Heiðni og kristni togast á

„Í Þrúðvangi hafa í gegnum tíðina glatast ómetanleg verðmæti eins og tréskurðamyndir eftir Ríkarð Jónsson, en nokkrar þeirra prýða húsið enn. Ríkarður skar út í stofuhurðir og gerði rismyndir fyrir ofan hurðirnar. Hér voru til dæmis útskornar rennihurðir milli stofanna en þær eru glataðar. Hins vegar eru sem betur fer nokkrar rismyndanna hér enn. Það er eitthvað trúarlegt hér í gangi sem ég átta mig ekki alveg á,“ segir Páll hlējandi. „Ein myndanna er með tilvitnun úr Biblíunni, „Ef að drottinn ekki byggir húsið erfiða smiðirnir til einskis“, en svo er hinum megin mynd úr norrænu goðafræðinni, af þremur valkyrjum sem ganga um beina í Valhöll. Þær eru nafngreindar og heita Hildur, Þrúður og Hlökk. Það togast hér eitthvað á úr heiðni og kristni en ég hef aldrei komið því alveg saman hvað það á að þýða. En andinn hér er góður og húsið stórkostlegt.“ *edda@frettabladid.is*



Skemmtileg skil milli flísategunda.


NÝTT! LOFTHREINSITÆKI

Bætt líðan með betra lofti



Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur

Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001
Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík



Láttu þér líða vel með **ALNO**



PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAD • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

ÓPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14

Gæða hús handa þér

**Bjálkahús ehf**

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Búslóðinni pakkað í gám

Búslóðaflutninga í skipagámi sem flytja á milli landa þarf að skipuleggja afar vel og vandlega. Áður en rokið er til og öllu hent í kassa sem á að flytja er mikilvægt að kynna sér nokkur atriði.

Byrjaðu á því að hafa samband við flutningsaðila og kynna þér hvernig þú átt að bera þig að og fáðu uppgefið verð á flutningnum, og ekki er verra ef þú veist nokkurn veginn hversu marga rúmmetra þú munt flytja. Því næst skaltu verða þér úti um innihaldslýsingu sem þarf að fylgja búslóðinni og koma þér upp merkingakerfi fyrir alla þá hluti sem þú flytur. Merkingakerfið getur til dæmis verið upphafsstafirnir þínir og svo númer á eftir. Þannig merkirðu hlutina hvern á eftir öðrum. Best er að verða sér úti um sterkbyggða kassa sem allir eru jafnstórir þannig að þeir raðist vel saman. Jafnvel er hægt að

Hlutir sem eru nauðsynlegir til þökkunar:

Kassar
Þökkunarlímband
Bóluplast
Frauðplast
Tússpennar
Merkimiðar

**Öllu pakkað:**

1. Flokkaðu hluti ofan í kassa, láttu til dæmis allar bækur saman, öll fót saman og allt eldhúsdót saman.
2. Hafðu það hugfast þegar þú pakkar að kassarnir geti orðið fyrir hnjaski þannig að þú skalt pakka þétt í kassana og nýta plássid vel og láta ekkert hringla laust.
3. Öllu brothaettu skaltu pakka í bóluplast eða setja í kassa með frauðplasti.
4. Fatnað skaltu setja í plastpoka ofan í

kassana, til að koma í veg fyrir að bleyta komist að þeim, eða jafnvel setja hann í plastkassa.



5. Þegar kassa er lokað skaltu líma vel allan hringinn og láta límbandið krossa að ofan og á botninum. Merktu kassann með tilheyrandi númeri og merktu svo númerið og innihaldslýsingu á kassanum inn á innihaldslistann.
6. Kassana þarf að merkja með nafni og heimilisfangi áfangastaðar. Ef búslóðin fer með landflutningum áður en hún fer í skip getur verið að það þurfi að merkja heimilisfang skipaflutninganna.
7. Ef þú hefur tækifæri til að raða í gáminn sjálf/ur þá er það best. Nýttu plássid vel, raðaðu öllu þétt og sjáðu til þess að allt sé vel fest.

vera með tvær til þrjár ólíkar stærðir, en kassa er hægt að fá í búntum hjá Kassagerðinni.

Hafðu það hugfast að öllu þarf að pakka inn og merkja hvort sem það er hjól, húsgögn eða rúm. ■

Glæsilegt úrval Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar

Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifumGerum
tilboð að
kostnaðar-
lausu**GÓLFBÚNAÐUR**KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

Geymslu-

og dekkjahillur



í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið og
fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufrítt og smellt saman.

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

www.isold.is



Mikilvægt að velja réttar plöntur

Nú er árstíminn til að planta niður trjám og best að gera það á vorin til að plantan nái að festa vel rætur fyrir veturinn.

„Fólk á aldrei að kaupa sér trjáplöntu nema að vel athuguðu máli því það skiptir öllu að velja rétta plöntu á réttan stað,“ segir Steinunn I. Stefánsdóttir garðyrkjufraeðingur hjá Blómavali. Hún segir að þegar fólk sé að planta niður trjám þurfi maður að útbúa góða holu, setja skít neðst í holuna og mold yfir. Plöntunni á að koma vel fyrir og greiða aðeins úr rótunum áður en mokað er yfir þær. „Plöntuna þarf að vökva mjög vel og er það rignir ekkert þarf að vökva hana nokkuð áfram til að hjálpa henni af stað,“ segir Steinunn. Besta tímann til að planta

niður trjám segir hún vera um þetta leyti en ef plantan er í potti sé það í lagi fram eftir sumri. „Ef planta er keypt í potti þá er hægt að planta henni hvenær sem er, en því fyrr því betra svo plantan nái að festa rætur sínar fyrir veturinn,“ segir Steinunn.

Við val á plöntum segir Steinunn að best sé að leyta ráða hjá garðyrkjufraeðingi því fólk þarf að gera sér grein fyrir hversu stór plantan verður og hvers hún þarfnast. „Í dag er til fjöldinn allur af blómstrandi trjám og runnum. Gott er að gefa plöntunni gott vaxtarými svo hún njóti sín betur í stað þess að hruga öllu þétt saman,“ segir Steinunn. „Fólk er farið að prufa miklu meira af tegundum, enda tíðin orðin betri og garðarnir skjólbetri,“ segir Steinunn. ■

Ný blóma-biblía

Garðblómabókin – Handbók um fjölærar skrautjurtir og sumarblóm er nýkomin út.

